

**Ed.**

**207. Frumvarp**

til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Erlingur Friðjónsson.

I.

*MENTASKÓLINN Í REYKJAVÍK.*

1. gr.

Í Reykjavík skal vera mentaskóli með fjórum ársdeildum og átta bekkjum.

2. gr.

Takmark skólans er að efla sálar- og líkamsþroska nemenda, veita þeim almenna mentun, svo að þeir verði hæfir til að stunda nám við háskóla og aðrar mentastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pílta og stúlkur.

4. gr.

Skifta skal bekkjum Mentaskólans í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild.

5. gr.

Í Mentaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslensk fræði, ensku, Norðurlandamál, þýsku, frönsku, latínu, sagnfræði, fjelagsfræði, bókmentafræði og listasögu, náttúrusögu og náttúrufræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og vinnubrögð.

Heimilt skal kenslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef meiri hluti skólaráðs og skólameistari mæla með breytingunni.

6. gr.

Íslensk tunga og íslensk fræði skal vera höfuðnámsgrein í skólanum.

Eigi má byrja á nema einu erlendu máli í neinum bekk. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sje að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til

Leikfimi og íþróttaiðkanir skal stunda með kappi, og má veita leyfi við og við, þegar vel stendur á, hálfa eða heila daga, til íþróttaiðkana eða gönguferða, enda skal leikfimikennari sjá um, að leyfið sje notað svo sem til var ætlast.

#### 7. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokaprófið er stúdentspróf. Öðrum prófum ræður skólameistari í samráði við skólaráð.

Við árspróf skipar skólameistari prófdómendur í hverri grein, en kenslumálaráðuneytið við stúdentspróf. Heimilt skal vera að stytta próf milli bekkja. Ræður skólameistari, ef svo er gert, hvernig stytt skal í hvert sinn, en birtir það eigi fyr en komið er fast að prófi.

Þá er og skólameistara heimilt að sleppa nemendum við árspróf, enda hafi þeir lofsamlega einkunn eftir veturinn.

#### 8. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð, svo og um inntökupróf, kröfur til flutnings milli bekkja og um stúdentspróf.

#### 9. gr.

Ljúka má námi við árspróf í öðrum og þriðja bekk skólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskirteinum.

#### 10. gr.

Heimilt er nýsveinum og utanskólamönnum að taka árspróf í öllum bekkjum. Þeir, sem prófin standast, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum.

#### 11. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, sjeu eigi yngri en 15 ára. Þó getur kenslumálaráðuneytið veitt sjerlega þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, er setjast í aðra bekki, skal svara til inntökualdurs; 2) Að þeir sje ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi; 3) Að siðferði þeirra sje óspilt.

#### 12. gr.

Til þess að verða tekinn í fyrsta bekk verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í móðurmálinu: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenskrar málfræði og höfuðdrætti í íslenskum

bókmentum bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800. 2) Í Norðurlanda-  
málum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rjett venjulegt fræðibókamál á  
dönsku eða sænsku og geta ritað villulitinn stíl almenns efnis á öðruhvoru  
þvi máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið ljett mál og gert villulít-  
inn stíl um auðvelt efni. 4) Í reikningi: Vera leikinn í að reikna brot og tuga-  
brot, vaxtareikning, fjelagsreikning, einfaldasta jöfnureikning og almennustu  
þætti í flatarmáls- og rúmmálsfræði. 5) Í sögu: Hafa glögt yfirlit um æfi  
irægra manna og megintimabil og atburði í sögu Íslands og almennri verald-  
arsögu. 6) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og  
dýrafræði, og þekkja aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 7)  
Í landafræði: Hafa glögga yfirlitsþekkingu um lögun jarðar, beltaskipun, höf  
og álfur, hafstrauma, meginfjallgarða, sljettur, stórár, menningarborgir, kyn-  
þætti, þjóðir og ríki, helstu atvinnuhætti og stjórnarfar hinna merkari landa.  
Vera leikinn í að nota landabrjef.

### 13. gr.

Kenslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardög-  
um skal kensla eigi standa lengur en til hádegis.

### 14. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kensla stendur til  
mailoka, en árspróf og lokapróf eru í júní.

### 15. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi: 1) Jólaleyfi frá Þorláksmessu til  
þrettánda, að háðum þeim dögum meðtöldum; 2) Óskudagur; 3) Páskaleyfi  
frá miðvikudegi fyrir skirdag til þriðja í páskum; 4) Hvítasunnuleyfi frá  
laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu; 5) Sumardagurinn fyrsti;  
6) Afmælisdagur konungs, 17. júní og 1. desember; 7) Sumarleyfi frá því  
prófum er lokið og til 30. september. Öðrum leyfum ræður skólameistari, og  
skulu þau einkum notuð til íþróttaiðkana og náttúrufræðirannsókna.

### 16. gr.

Kennarar skólans skulu vera 8, og er einn þeirra jafnframt skólameist-  
ari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kenslu allri,  
húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr.  
á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og  
400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu,  
ljóss og hita. Hafi skólameistarinn aðalumsjón með heimavist, fær hann þess  
vegna 2000 kr. í risnufje.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin  
hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir af kennurum skólans,  
sem gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar. Skólameistari  
og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara, eftir því sem fje er veitt til í fjárlögum.

17. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kenslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukenslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir eða önnur sjerstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

18. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kenslugreinum sínum, hafa kynt sjer allitarlega kensluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum, og hafa sýnt með að minsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem hafa með afburðum í kenslu sýnt í verki, að þeir sjeu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

19. gr.

Skólameistari útnefnir meðal kennara skólans forstöðumenn bekkja. Skulu þeir hafa nána viðkyningu við nemendur í bekk sínum, eftirlit með háttum þeirra og leitast í hvívetna við að verða þeim til hjálpar. Forstöðumenn skulu að jafnaði fylgja hinum sama bekk frá því að nemendur komu í skóla, þar til þeir taka burtfararpróf.

20. gr.

Kennarafundi skulu allir kennarar skólans sækja. Skólameistari boðar til funda og stýrir þeim. Fastir kennarar og aukakennarar hafa atkvæðisrjett.

21. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

22. gr.

Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. En sjer til aðstoðar hefir það 12 manna skólaráð. Í skólaráði eiga sæti 5 fulltrúar útskrifaðra nemenda, 2, sem bæjarstjórn Reykjavíkur kys með hlutfallskosningu til 4 ára í senn, 3, sem Alþingi kys með hlutfallskosningu til 4 ára í einu, 1, sem háskólaráðið tilnefnir til eins árs, og fræðslumálastjóri landsins, sem er sjálfkjörinn formaður. Enginn er hlutgengur í skólaráðið nema hann hafi tekið stúdentspróf úr skólanum. Skilyrði fyrir kosningarrjetti til skólaráðs er að hafa tekið stúdentspróf úr latinuskólanum eða mentaskólanum og að hafa greitt að minsta kosti 10 kr. árgjald í skólasjóð. Í reglugerð skal ákveða nánar um framkvæmd kosninga til skólaráðs.

Nú verða forföll í skólaráðinu við andlát, burtflutning eða að einhver aðili óskar ekki að kjósa mann eða menn í skólaráðið, og skal þá kenslumálastjórnin tilnefna úr hópi gamalla nemenda skólans í Reykjavík eða nágrenninu varamenn, eftir því sem með þarf. Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við símanot og brjefaskifti goldinn úr skólasjóði. Það heldur fundi sína í húsi mentaskólans. Ákvæðin um skólaráð koma í gildi 1. október 1930.

#### 23. gr.

Kenslumálaráðuneytið skal leita umsagnar skólaráðs um öll mál, er skólann varða og undir ráðuneytið falla, skipun prófdómenda, tilhögun prófa, skipun kennara og skólameistara, staðfestingu reglugerðar, um meðferð skólasjóðs, um meðferð á lóðum og leikvöllum skólans og um nýbyggingar í skólans þágu. Skólaráð skal og hafa með höndum eftirlit með skólanum og önnur störf skólans vegna, sem ákveðin kunna að vera í reglugerð.

#### 24. gr.

Kenslugjöld skal greiða í skólasjóð, og ákveður skólaráðið hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbriggt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

#### 25. gr.

Þegar heimavist kemur við skólann, skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Skylt er kennurum að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

## II.

### *GAGNFRÆÐASKÓLINN Í REYKJAVÍK.*

#### 26. gr.

Í Reykjavík skal vera skóli, sem nefnist Gagnfræðaskólinn í Reykjavík. — Skólinn starfar í þremur ársdeildum.

#### 27. gr.

Markmið skólans er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, frekari almenna, hagnýta fræðslu, bóklega og verklega.

#### 28. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pílta og stúlkur.

Námstíminn á hverju ári er 7—7½ mánuður og kenstundir reglulegra nemenda 30—33 á viku.

29. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk skólans eru þessi: 1) að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar; 2) að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi; 3) að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu, ef honum virðist ástæða til, enda sje umsækjandi ekki yngri en 13 ára.

30. gr.

Til þess að utanskólanemandi verði tekinn í annan eða þriðja bekk, verður hann að sýna við próf, að hann hafi þá kunnáttu og þroska, sem krafist er af skólanemendum, er setjast í þann bekk.

31. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslenskar bókmentir, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrusögu og náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í flatarmálsfræði og rúmfræði, sögu, atvinnufræði, dráttlist, hagnýt vinnubrögð, söng og íþróttir. Í 3. bekk skal auk þess kenna bókfærslu, vjelritun, fjelagsfræði, hagfræði og þau atriði lögfræðinnar, sem mest koma við daglegu lífi manna. Undanþágu má veita nemendum í einstökum námsgreinum, enda leggi þeir þá því meiri stund á aðrar greinar, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

32. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi, en eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi, og eftir nám í þriðja bekk gagnfræðaprófi hinu meira. Í reglugerð má ákveða, að skyndipróf sjeu haldin nokkrum sinnum á vetri. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

33. gr.

Kennarar prófa hver í sinni kenslugrein. Við árspróf eru kennarar prófdómendur hver hjá öðrum. Kenstumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefnin við prófin.

34. gr.

Við Gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kenstumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar þess skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

35. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans á hendi. Bæjarsjórn Reykjavíkur kys með hlutfallskosningu tvo menn til þriggja ára, en kenstumálaráðuneytið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndar.

arinnar, til jafnlangs tíma. Varamenn þrír, tilnefndir á sama hátt og af sömu æðiljum til sama tíma, taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Skólanefndin starfar kauplaust.

36. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður aukakennara og stundakennara og skiftir verkum með þeim.

37. gr.

Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf og annað, sem lýtur að starfi skólans, en kenslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

38. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1929—1930 og 1931 reisa hús handa Gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur Reykjavíkurbær til ókeypis lóð, sem kenslumálaráðuneytið tekur gilda, og ennfremur ókeypis vatn úr hitaveitu bæjarins, ef heita vatnið reynist meira en þarf til að hita þær opinberu byggingar landsins og bæjarins, sem nú er verið að reisa og ráðgert er að hita á þann hátt. Ríkissjóður leggur fram  $\frac{2}{5}$  hluta byggingarkostnaðar og Reykjavíkurbær  $\frac{3}{5}$  hluta. Úr ríkissjóði má verja í þessu skyni allt að 20 þús. kr. á ári þau þrjú ár, sem verið er að reisa skólahúsið.

39. gr.

Fyrir hvern reglulegan nemanda greiðast í skólasjóð 80 kr. úr ríkissjóði fyrir skólaárið, þó ekki yfir 1600 kr. á hvern bekk skólans til jafnaðar. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Reykjavíkur 120 krónur fyrir hvern nemanda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk.

40. gr.

Kenslugjald utanbæjarnemenda skal vera 60 kr. yfir skólaárið. Innanbæjarnemendur greiða ekki kenslugjald.

41. gr.

Nú eru haldin námsskeið við skólann í bóklegum og verklegum fræðum eigi skemur en 3 mánuði og kensla 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkenslu hvers nemanda. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Reykjavíkur 9 krónur fyrir mánaðarkenslu hvers slíks nemanda. Utanbæjarnemendur greiða kenslugjald í hlutfalli við náms-tímann, eftir ákvörðun skólanefndar.

42. gr.

Ríkisstyrk og kenslugjaldinu má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

### III.

#### GAGNFRÆÐASKÓLINN Á AKUREYRI.

##### 43. gr.

Á Akureyri skal vera skóli, er nefnist Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

##### 44. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum eignum.

##### 45. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pílta og stúlkur.

##### 46. gr.

Skólinn skiftist í tvær aðaldeildir. Í gagnfræðadeild eru þrjú bekkir. Próf þaðan eftir tveggja ára nám heitir gagnfræðapróf, en lokapróf gagnfræðapróf hið meira. Í síðari deildinni, sem heitir mentadeild og býr nemendur undir háskólanám, eru fjórir bekkir. Eftir tvo vetur í mentadeild ljúka nemendur fyrri hluta stúdentsprófs, en eftir fjóra vetur lokaprófi stúdenta.

##### 47. gr.

Í mentadeild skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslensk fræði, ensku, þýsku, frönsku, latínu, sagnfræði, fjelagsfræði, bókmentáfræði og lista sögu, náttúrufræði og náttúrusögu, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

##### 48. gr.

Íslensk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sje að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

Leikfimi og íþróttaiðkanir skal stunda með kappi, og má veita leyfi við og við, þegar vel stendur á, hálfra eða heila daga til íþróttaiðkana eða gönguferða, enda skal leikfímiskennarinn sjá um, að leyfið sje notað svo sem til var ætlast.

##### 49. gr.

Í fyrsta og þriðja bekk mentadeildar skal halda árspróf. Stúdentsprófi er lokið úr öðrum og fjórða bekk.

Við árspróf skipar skólameistari prófdómendur í hverri grein, en kenslumálaráðuneytið við stúdentspróf.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.



#### 50. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð, en aðal-einkunnir skulu vera: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn og önnur einkunn betri og lakari. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkj-arpróf og stúdentspróf.

#### 51. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum menta-deildar. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum deildarinnar, hafa leyfi til að setjast í skólann eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó, með samþykki meiri hluta skólanefndar, bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar að hann sje gæddur frábærlega góðum gáfum.

#### 52. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í mentadeild: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði a. m. k. 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Aldurstakmark þeirra sem setjast í aðra bekki svarar til inntöku-aldurs; 2) að þeir sjeu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að sið-ferði þeirra sje óspilt.

#### 53. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk mentadeildar verður nemand-inn að standast próf í þessum greinum: 1) Í móðurmálinu: Geta ritað venju-legt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenskrar málfræði og höfuðdrætti í íslenskum bókmentum, bæði á þjóðveldistímunum og síðan um 1800; 2) Í Norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rjett venjulegt fræðibókamál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulitinn stíl almenns efnis á öðruhvorum þvi máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið ljett mál og gert villulitinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýsku: Hafa lesið ekki minna en 100 bls. af venjulegu kenslubókamáli og hafa numið undirstöðuatriði þýskrar málfræði. 5) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikn-ing og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glögt yfirlit um æfi frægra manna og megingímabil og atburði i sögu Íslands og al-mennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasfræði og dýrafræði og þekkja að minsta kosti 50 tegundir íslenskra blómjurta og 25 tegundir íslenskra fugla. Ennfremur aðaldrætti i þróunar-sögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa glögga yfirlitsþekkingu um lögun jarðar, beltaskipun, höf og álfur, hafstrauma, kynþætti, þjóðir og ríki, megingjallgarða, sljettur, stórár og menningarborgir, helstu atvinnuhætti og stjórnarfar hinna merkari landa. Vera leikinn í að nota landabrfjef.

#### 54. gr.

Kenslustundir í hverjum bekk, bæði í mentadeild og gagnfræðadeild,

skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kensla eigi standa lengur en til hádegis.

Skólameistari útnefnir í báðum deildum skólans forstöðumenn bekkja. Skulu þeir hafa nána kynningu við nemendur í bekk sinum og leitast í hvi-  
vetna við að greiða götu þeirra við námið.

#### 55. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30 september. Kenslu og próf-  
um ár hvert skal lokið 30. maí. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

#### 56. gr.

Fastir kennarar skulu vera 6 og er einn þeirra jafnframt skólameist-  
ari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kenslu allri,  
húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr.  
á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr.  
og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahús-  
inu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skól-  
ans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin  
hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar  
njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fje  
er veitt til í fjárlögum og í gagnfræðadeild eftir því sem ástæður skóla-  
sjóðs leyfa.

#### 57. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26  
stundir. Heimilt er kenslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldu-  
kenslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skrif-  
legar úrlausnir, eða önnur sjerstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

#### 58. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf um-  
sækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kenslugreinum sínum, hafa  
kynt sjer allitarlega kensluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar  
skólum og hafa sýnt með að minsta kosti eins árs reynslu við skólann, að  
hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snert-  
ir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með af-  
burðum í kenslu hafa sýnt að þeir sjeu eftirsóknarverðir starfsmenn við  
skólann.

#### 59. gr.

Kennarafundi skulu allir kennarar skólans sækja. Skólameistari  
loðar til funda og stjórnar þeim. Fastir kennarar og aukakennarar hafa at-  
kvæðisrjett. Í reglugerð skal ákveða um valdsvið kennarafunda.

#### 60. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn og skal hann lita eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

#### 61. gr.

Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. En að því er snertir mentadeildina hefir það sjer til aðstoðar 12 manna skólaráð. Í skólaráði eiga sæti 5 fulltrúar útskrifaðra nemenda úr Möðruvallaskóla og lærisveinar, sem lokið hafa gagnfræðaprófi á Akureyri eigi síðar en 1930. Eftir þann tíma verða þeir einir til viðbótar hlutgengir sem kjósendur og fulltrúar í skólaráðið, sem lokið hafa stúdentsprófi í skólanum. Þá kys bæjarstjórn Akureyrar 3 fulltrúa með hlutfallskosningu til 4 ára í senn, og Alþingi 3, sömuleiðis með hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Háskólinn útnefnir 1 fulltrúa í skólaráðið til eins árs í senn. Skólaráðið kys sjer sjálft formann til 4 ára. Um kjörgengi fulltrúa í skólaráðið fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrar, Alþingis og Háskólans gilda sömu reglur og um þá, sem kosnir eru af fjelagi gamalla nemenda. Árgjald í fjelagi gamalla nemenda má ekki vera minna en 10 kr. á fjelaga, og rennur það í skólasjóð. Í reglugerð skal gefa nánari fyriræli um kosningu til skólaráðs.

Nú verða forföll í skólaráðinu við andlát, burtflutning eða að einhver aðili, sem á rjett að kjósa einn eða fleiri fulltrúa í skólaráðið, notar ekki þennan rjett sinn, og skal þá kenslumálastjórnin tilnefna úr hópi gamalla nemenda, búsettra á Akureyri eða í nágrenninu, varamenn eftir því sem með þarf. Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við brjefaskifti og símaafnot goldin úr rikissjóði. Skólaráðið heldur fundi sína í húsi skólans. Ákvæðin um skólaráð koma í gildi 1. júní 1930.

#### 62. gr.

Kenslumálaráðuneytið skal leita umsagnar skólaráðs um öll mál, er skólann varða og undir ráðuneytið falla, svo sem skipun prófdómenda, tilhögun prófa, skipun kennara og skólameistara, staðfestingu reglugerðar og meðferð skólasjóðs, um meðferð á löndum skólans og nýbyggingar í skólans þágu. Skólaráðið skal og hafa eftirlit með skólanum og önnur störf skólans vegna, sem ákveðin kunna að verða í reglugerð.

#### 63. gr.

Kenslugjöld skal greiða í skólasjóð og ákveður skólaráðið hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði mentadeildar má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbriggt skólalíf. Nánari fyriræli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

64. gr.

Í heimavist skólans skulu þeim nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr mentadeild skulu hafa rjett til  $\frac{2}{3}$  hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til  $\frac{1}{3}$  hluta.— Skytt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

65. gr.

Inntökuskilyrði í fyrsta bekk gagnfræðadeildar eru þessi: 1) Að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. 2) Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi. 3) Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólameistari veitt undanþágu, ef honum virðist ástæða til, enda sje umsækjandi ekki yngri en 13 ára.

66. gr.

Til þess að utanskólanemandi verið tekinn í annan eða þriðja bekk gagnfræðadeildar, verður hann að sýna við próf, að hann hafi þá kunnáttu, þroska og aldur, sem krafist er af skólanemendum, er setjast í þann bekk.

67. gr.

Í gagnfræðadeild skal kenna þessar námsgreinar: Íslensku og íslenskar bókmentir, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrusögu og náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu flatarmáls- og rúmfræði, sögu, atvinnufræði, dráttlist, hagnýt vinnubrögð, söng og íþróttir. Í þriðja bekk skal auk þess kenna bókfærslu, vjelritun, fjelagsfræði, hagfræði og þau atriði lögfræðinnar, sem mest koma við daglegu lífi manna. Undanþágu má veita nemendum, bæði í menta- og gagnfræðadeild, í einstökum námsgreinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

68. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi, en eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi og eftir nám í þriðja bekk gagnfræðaprófi hinu meira. Í reglugerð má ákveða að skyndipróf sjeu haldin nokkrum sinnum á vetri. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

69. gr.

Kennarar prófa hver í sinni kenslugrein. Við árspróf eru kennarar prófdómendur hver hjá öðrum. Kenslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefni við prófin.

70. gr.

Meðan gagnfræðabekkirnir þrir eru óskiftir, leggur ríkið þeim til ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ennfremur kostar ríkið kensluna í 2. og 3. bekk óskiftum. En að því er snertir kostnað við kenslu fyrsta bekkjar, skulu um

hana gilda sömu almenn ákvæði og um Gagnfræðaskólann í Reykjavík. Sama gildir og, ef skifta þarf vegna mikillar aðsóknar öðrum eða þriðja bekk gagnfræðadeildar og um námsskeið eða sjernám í sambandi við gagnfræðadeildina. Þá skal kostnaðurinn við þá kenslustarfsemi, og við húsabætur vegna hennar, skiftast milli rikissjóðs og Akureyrarbæjar eftir sömu hlutföllum og við Gagnfræðaskólann í Reykjavík.

#### 71. gr.

Þegar reisa þarf ný hús vegna aukinnar aðsóknar að gagnfræðadeild, skal reisa þau, eftir fyrirmælum kenslumálastjórnarinnar, á því landi, sem Akureyrarbær gaf rikissjóði vegna Gagnfræðaskólans á Akureyri veturinn 1928—29. Rikissjóður leggur fram í stofnkostnað þeirra húsa  $\frac{2}{5}$  hluta, eftir því, sem fje er heimilað í því skyni í fjárlögum eða sjerstökum lögum, en Akureyrarkaupstaður  $\frac{3}{5}$  hluta. Hafi Akureyrarbær ráð á jarðhitavatni, meiru en þarf til að hita þær opinberar byggingar, sem bærinn er nú að reisa, skal hann skyldur til að leggja heitt vatn fram endurgjaldslaust til að hita nauðsynlegar viðbótarbyggingar gagnfræðadeildar.

#### 72. gr.

Þegar Akureyrarkaupstaður hefir tekið að sjer samkvæmt lögum þessum. hlutfallslegan kostnað við rekstur tveggja eða fleiri bekkja í gagnfræðadeild skólans, þá skal þriggja manna skólanefnd kosin til samstarfs við skólameistara um yfirumsjón gagnfræðadeildar. Bæjarstjórn Akureyrar kys í nefndina með hlutfallskosningu tvo menn til þriggja ára, en kenslumálaráðuneytið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, til jafnlangs tíma. Varamenn þrir, tilnefndir af sömu aðiljum, á sama hátt til sama tíma, taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Skólanefndin starfar kauplaust.

#### 73. gr.

Skólanefnd semur reglugerð fyrir gagnfræðadeildina um kenslu, próf og annað, sem lýtur að starfi skólans, en kenslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal með skólameistara ráða um bóka- og áhaldakaup og annað, er lýtur að fjárstjórn gagnfræðadeildar, og ráðstöfun skólasjóðs.

#### 74. gr.

Námstíminn á ári hverju er 7—7 $\frac{1}{2}$  mánuður í gagnfræðadeild, og kenslustundir reglulegra nemenda 30—33 á viku.

Í þeim bekkjum gagnfræðadeildar, þar sem rikissjóður og Akureyrarbær kosta kensluna í fjelagi, skal greiða í skólasjóð 80 kr. úr rikissjóði fyrir hvern reglulegan nemanda yfir skólaárið, þó ekki yfir 1600 kr. á bekk til jafnaðar. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Akureyrar 120 kr. fyrir hvern nemanda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk. Kenslugjald utanbæjarnemenda skal vera 60 kr. yfir skólaárið og rennur í skólasjóð. Innanbæjarnemendur í gagnfræðadeild greiða ekki kenslugjald eftir að Akureyrarbær hefir byrjað að greiða  $\frac{3}{5}$  af rekstrarkostnaði eins eða fleiri af bekkjum gagnfræðadeildar.

#### 75. gr.

Nú eru haldin námsskeið i bóklegum eða verklegum fræðum við gagnfræðadeild eigi skemur en 3 mánuði og kensla 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr rikissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkenslu hvers nemanda. Á sama hátt greiðast úr bæjarsjóði Akureyrar 9 krónur fyrir mánaðarkenslu hvers slíks nemanda. Utanbæjarnemendur greiða kenslugjald í hlutfalli við námstíma, eftir ákvörðun skólanefndar.

#### 76. gr.

Ríkisstyrk og kenslugjaldinu má ekki verja til annars en útgjaldanna við rekstur þeirra bekkja gagnfræðadeildar, sem ríkið og bæjarsjóður Akureyrar kosta í sameiningu.

#### 77. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, og lög nr. 68, 7. maí 1928, um bráðabirgðaungmennafraeðslu í Reykjavík, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum kenslumálaráðherra. Fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Svo sem kunnugt er, hefir, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, ekki tekist að fá Alþingi til að samþykkja aðra löggjöf um Mentaskólann heldur en launalögin og fjárlagaákvæðin um rekstrarstyrk til skólans. Fyrirkomulag skólans hvílir á tilskipunum, sem stjórnir landsins hafa gert á ýmsum tímum, og sum mikilsverð atriði, svo sem ráðning margra af starfmönnum skólans með launakjörum fastra kennara, hafa verið framkvæmd án þess að samþykki löggjafarvaldsins kæmi til. Má fullyrða, að tómlæti Alþingis um hag skólans hefir orðið honum til mikils ógagns á margan hátt.

Fyrir nálega fimmtíu árum var Möðruvallaskólinn stofnaður, fyrir atbeina áhugasamra Norðlendinga. Þótti þeim, er þjóðin hafði fengið nokkurt frelsi og fjárforráð, sem vel færi á að bæta Norðurlandi það tjón, sem útlend stjórn hafði valdið, er hún um aldamótin 1800 svifti Norðurland mentaskólanum á Hólum, þeirri stofnun, sem frá því á dögum Jóns biskups Ögmundssonar hafði verið önnur líftaug hinnar andlegu heimastjórnar í landinu. Norðlendingar ætluðu frá upphafi, að Möðruvallaskólinn skyldi verða arfgegi hins forna Hólaskóla. Þetta er nú að rætast. Smátt og smátt hefir stofnun þessari vaxið fiskur um hrygg, uns nú er svo komið, að skólinn er í einu stór alþýðuskóli og mentaskóli. En með þessari þróun hefir skólinn vaxið langt út yfir þau takmörk, sem gömul löggjöf hafði markað honum. Fyrir Gagnfræðaskólann á Akureyri er ný löggjöf mjög eftirsóknarverð, engu síður en fyrir Mentaskólann. Meðal annars er full þörf að koma á nokkurri verkaskiftingu milli hinna endurfæddu mentaskóla biskupssetranna sunnanlands og norðan.

Í þriðja lagi hefir Reykjavík, höfuðstaður landsins, stækkað hröðum skrefum hin síðustu ár, þannig að nú mun láta nærri, að fjórði hluti æskumannanna í landinu vaxi þar upp. En mitt í hinum öra vexti hafa leiðtogar bæjarins að mestu látið hjá líða að skifta sjer af mentaskilyrðum unglínganna í bænum. Margir sjerskólar hafa risið upp í bænum, flestir fyrir forgöngu Alþingis, en hvergi á landinu hefir hin almenna ungmennamentun verið svo herfilega vanrækt eins og einmitt í höfuðstaðnum. Þessi vanræksla var orðin svo mikil, að af henni var farin að stafa landshætta. Þetta var ástæðan til þess, að stjórnin hófst handa í vetur sem leið með nokkrar umbóta-tilraunir í þessu efni og lagði fyrir þingið tillögu um Gagnfræðaskóla í Reykjavík. Efri deild tók vel í málið, og samkomulag varð fyrirhafnarlítið milli manna úr öllum flokkum um eitt atriði, að ríkið skyldi ekki leggja fram nema  $\frac{2}{5}$  af stofnkostnaði unglíngaskóla í kaupstöðum, þó að það legði fram helming til að byggja hjeraðsskólana, þar sem þurfa að vera heimavistir fyrir nemendur. Sömuleiðis þótti vel fara á að láta ungmennaskóla kaupstaðanna heita gagnfræðaskóla. Neðri deild tók og vel í málið. Hún viðurkendi fyllilega nauðsyn betri alþýðufræðslu í Reykjavík og leit á frv. um gagnfræðaskólann eins og þrep í þróun fræðslumála kaupstaðanna. En svo sem til að undirstrika nauðsyn málsins og hvetja til meiri framkvæmda, vildi neðri deild ekki kalla hinn húsalaus skóla fullu nafni og ljét skólabyrjun þessa vera svo að segja heitislausu fyrsta árið.

Málunum er þess vegna nú komið svo, að hin mesta þörf er að koma skipulagi á form mentaskólanna beggja, og um leið á hina almennu ungmennafræðslu í Reykjavík og Akureyri sjerstaklega. Fyrir þetta þing var lagt frv. um hjeraðsskólana fjóra, sem nú eru til, en því nafni nefna menn nú gagnfræðaskóla sveitanna. Næsta stigið er að koma jafnföstu og glöggu skipulagi á ungmennafræðslu kaupstaðanna, þ. e. gagnfræðaskólana, og um leið að marka hreinlega afstöðu alþýðuskólanna bæði í sveitum og kaupstöðum til stúdentufræðslunnar.

Með frv. þessu er leitast við að leysa þennan vanda, eftir því sem nú má við koma, með því að leggja til, að Alþingi samþykki stofnlög heggja mentaskólanna, og um leið að koma svo fyrir gagnfræðanáminu í Reykjavík og Akureyri, að þeir skólar yrðu, eftir því sem við má koma, eðlilegir líðir í hinu almenna skólakerfi kaupstaðanna, sem ef til vill verður hægt að fullmóta á Alþingi 1930.

Síðastliðið sumar fól kenslumálastjórnin tveim skólafróðum mönnum að marka frumdrætti að nýrri löggjöf um mentaskólana. Ásgeir Ásgeirsson fræðslumálastjóri skyldi sjerstaklega undirbúa frv. um Mentaskólann og Sigurður Guðmundsson skólameistari á Akureyri samskonar frv. um norðlenska skólann. Fræðslumálastjóri var utan nokkuð síðastliðið sumar, meðfram vegna þessa máls, og kynti sjer einkum fyrirkomulag mentaskóla í Svíþjóð og Englandi. Hann gerði síðan uppkast að sameiginlegu frv. fyrir báða mentaskólana. Sigurður Guðmundsson heimsótti aftur á móti mentaskóla í Noregi og Danmörku fyrri hluta yfirstandandi vetrar og kom úr þeirri ferð til Reykjavíkur skömmu fyrir þing. Unnu þeir fræðslumálastjóri og skólameistari þá nokkuð saman, þannig að inn í hið eldra frv. var bætt ýms-

um atriðum, sjerstaklega vegna skólans á Akureyri. Frumvarp þetta var nú sent til álita rektor og kennurum Mentaskólans. Gengu þeir inn á aðalgrundvöllinn eins og hann hafði verið lagður, en gerðu til landsstjórnarinnar tilögur um breytingar á talsvert mörgum einstökum atriðum.

Samhliða þessum undirbúningi hafði kenslumálaráðherra undirbúið málið fyrir sitt leyti, m. a. heimsótt nokkru fyrir þing allmarga af hinum elstu og þektustu mentaskólum í Englandi og Skotlandi. Hvergi er jafnmikið af gömlum óháðum sjálfseignarskólastofnunum eins og í Englandi, og mátti fyrirfram vænta nokkurs árangurs af að kynna sjer skipulag og reynslu slíkra stofnana, þegar festa skyldi um stund fyrirkomulag hinna almennu æskumannaskóla á Íslandi.

Fyrir aðstandendur mentaskólanna skiftir lausnin á máli þeirra sjálfra auðvitað mestu máli. En fyrir landsstjórnina horfði málið öðruvísi við. Umbót og efling mentaskólanna var aðeins einn liður í hinni almennu þróun mentamála, þar sem varð að taka tillit til allra landsmanna, sem eiga að njóta gagnsins af skólunum og líka að bera byrðarnar.

Við undirbúning málsins kom í ljós, að hinir tveir mentaskólar geta ekki, nema sjer til skaða, látið sniða sjer algerlega samskonar klæði. Báðir hafa allanga sögu að baki. Skilyrðin í Reykjavík og á Akureyri eru talsvert olik. Stjórnin afrjeð þess vegna að hafa að visu sama frv. um báða skólana, en þó alveg aðgreinda kafla. Með því móti var m. a. hægt að taka meira tillit til reynslu og óska forráðamanna skólanna beggja.

Í annan stað var einskonar alþýðuskóli í föstu sambandi við mentaskólana báða. Aðrir kaupstaðir, svo sem Hafnarfjörður, Ísafjörður og Vestmannaeyjar, hafa líka ungmennaskóla, sem að líkindum gera smátt og smátt samanburðarkröfur við hliðstæða skóla, sem ríkið kann að reka.

Hjer var því úr vöndu að ráða. Á Akureyri og í Reykjavík hafa nú um alllangt skeið verið þriggja vetra alþýðuskólar, sem ríkið hefir kostað eingöngu. Úr báðum þessum skólum lá opinn vegur inn í lærdómsdeildina í Reykjavík, og nú síðast inn í hina ungu lærdómsdeild á Akureyri. Það var ekki hægt að taka af Reykjavík og Akureyri þau hlunnindi til alþýðumentunar, sem þessir kaupstaðir höfðu fengið. En það mátti búa svo um hnútana, að þessir kaupstaðir fengju ekki ný hlunnindi um alþýðufræðslu, sem öðrum kauptúnum og sveitum landsins yrði neitað um.

Hjer er þess vegna farin sú leið, að losa gagnfræðakensluna bæði í Reykjavík og á Akureyri úr öllu beinu sambandi við mentaskólafræðsluna á þessum stöðum. Mentaskólanám verður að visu jafnt sem áður í Reykjavík og á Akureyri. En nemendur úr hjeradsskólum landsins og úr gagnfræðaskólum kaupstaðanna eiga allir þangað jafngreiða og jafnerfiða göngu. Með því fyrirkomulagi, sem hjer er lagt til, prófa ungmenni landsins gáfur sínar og námslöngun í hjeradsskólum sveitanna og gagnfræðaskólum kaupstaðanna. Flestir láta sjer nægja þá skólagöngu, er þeir fá þar. En nokkrir finna til löngunar til að halda áfram. Þeir vita, að með ofurlitilli viðbót geta þeir kept um inngöngu í fyrsta bekk af fjórum í öðrumhvorum mentaskólanum, eftir að hafa verið tvo vetur í ungmennaskóla í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði,



Reykjavík, Laugarvatni, Hvítárbakka, Núpi, Ísafirði, Akureyri, Laugum og Eiðum.

Hugsanlegt er um aðstandendur mentaskólanna, að þeir vildu helst óska, að skólarnir væru óskiftir 6 vetra skólar, að 12 ára börn gætu gengið þar inn og 18 ára stúdentar flogið þaðan á brott. En hver sannar, að þjóðinni sje það fyrir bestu, að þeir einir verði embættismenn og fræðimenn í landinu, sem geta ákveðið að hefja 10—12 ára nám þegar þeir eru 12—13 ára að aldri? Er ekki hitt miklu fremur reynslan, að margir af bestu og nýtustu mönnum landsins hafa byrjað slíkt nám seint, stundum ekki fyr en um tvítugt? Fyrir slíka menn er veran í ungmennaskólunum viðsvegar um landið beinlínis til efni þess, að þeir finna, hvað í þeim býr, og fá áræði til að leggja út í langt nám, án vissu um, hvað við tekur. En fyrir þjóðfjlagið er mjög oft mestra átaka að vænta frá slíkum mönnum.

Stjórnin hefir þess vegna bygt frv. þetta í öllum aðalatriðum um fyrirkomulag kenslunnar og efnisval á tillögum fræðslumálastjóra, Sigurðar skólameistara og kennara Mentaskólans. Um Mentaskólann tekið sjer i lagi tillit til álits fræðslumálastjóra og kennaranna, en um Akureyrarskólann til forstöðumannsins þar. En nýbreytnin frá tillögum þessara aðstandenda skólanna liggur í því, að gera gagnfræðadeildir beggja skólanna alveg óháðar mentadeildunum og alveg hliðstæðar öðrum ungmennaskólum í landinu. Í öðru lagi er tekin upp eftir mjög gamalli og affarasælli reynslu í Englandi sú tilhögun að gefa gömlum nemendum skólanna allmikið vald um tilhögun þeirra. Takist að fá gamla nemendur Reykjavíkur- og Akureyrarskólans til að slá verndarhring um heimili æskuáranna, getur það orðið til ómetanlegs gagns fyrir nemendurna, skólana og þjóðina alla.

Um aldamótin síðustu var Akureyrarskólinn tveggja vetra alþýðuskóli, sem hafði haft óvenjulega mikil áhrif á fjelagsmenningu Norðlendinga og Austfirðinga. Mentaskólinn var enn í sínum gamla ham. Fornmálin aðalatriði, kenslan þunglamaleg, en nokkuð traust. Fremur illa búið að skólanum og sambúð nemenda og kennara erfið. Veðrabrigði lágu í loftinu. Unga kynslóðin heimtaði framfarir, ekki kyrstöðu. Baráttan var háð um fornmálin annarsvegar og nýju málin og náttúrufræðina hinsvegar. Átökin urðu hörð innan skólans og utan. Leikslökin urðu þau, að grískan var gerð útlæg og latínan lömuð. Enska og náttúrufræði settust í hið auða sæti grískunnar og latíunnar, sem minkuð var til hálf.

En um leið varð önnur breyting hið innra í skólanum. Sumir kennarnir höfðu átt í allmiklum útistöðum við pílta og ýmsum veitt betur. Nemendur skólans, jafnvel í neðri bekkjunum, voru þá, eins og jafnan hafði verið, sumir nálega fullþroskaðir menn og mjög sjálfstæðir í hugsun. Þeir gátu verið óvinsælum og seinheppilegum kennurum erfiðir í skauti. Í stað þess að laga lífið í skólanum eftir þörfum þjóðarinnar og þróttmikilla nemenda, var það ráð tekið, að fórna hagsmunum þjóðarinnar fyrir sjerhagsmuni kennara, sem ekki gátu búið að ungum mönnum. Þá var tekið upp það mikla óhapparád, að bola þroskuðum mönnum burtu frá skólanum, aðeins til þess

að kennarar, sem ekki voru vaxnir lífsstarfi sínu, þyrftu ekki að etja kappi við ofjarla sína.

Um leið og grískan var send í útleið, var þrem neðri bekkjum skólans vendilega lokað fyrir þroskuðum nemendum. Barnungir urðu nemendurnir að vera til þess að komast inn í fyrsta bekk. Og í annan og þriðja bekk fjekk enginn að fara, sem ekki hafði sem barn komist inn í fyrsta bekk. Ennfremur voru fimti og sjötti bekkir harðlæstir fyrir nýjum mönnum, en litilli smugu haldið opinni inn í fjórða bekk.

Stefán Stefánsson var um þessar mundir áhrifamesti skólamaður á Norðurlandi og átti sæti á Alþingi. Hann tók nú upp þráðinn, þar sem Arnljótur Ólafsson og aðrir af stofnendum Möðruvallaskólans höfðu frá horfið. Stefán Stefánsson átti mikinn þátt í, að hús skólans á Akureyri varð svo mikið og veglegt sem raun ber vitni um, og í annan stað var það nálega eingöngu hans verk að koma Gagnfræðaskólanum á Akureyri í beint samband við lærdómsdeildina í Reykjavík. Með þessari tilhögun voru 3 neðstu bekkir Mentaskólans í orði kveðnu gerðir að alþýðuskóla fyrir Suðurland, eins og Akureyrarskólinn var eini alþýðuskóli norðanlands. En jafnframt nutu þessir tveir alþýðuskólar þeirrar sjerstöðu, að nemendur þaðan gátu gengið beint inn í lærdómsdeildina í Reykjavík, sem nú var ekki nema þriggja vetra skóli.

Fyrirkomulag þetta var í einu bæði framför og afturför. Fyrir þá Norðlendinga, sem vildu þoka kenslu Möðruvallaskólans í þá átt, að skólinn yrði arftaki Hólaskóla, var breytingin mikill sigur. En fyrir alþýðufræðsluna á Norðurlandi var breytingin ekki til bóta. Þar sem beint samband varð milli lærdómsdeildar í Reykjavík og gagnfræðakenslunnar á Akureyri, var óhjákvæmilegt að miða kenslu allra, sem luku námi á Akureyri, við þarfir þeirra, sem hjeldu áfram í Reykjavík, en ekki við þarfir skólans sjálfs sem alþýðuskóla. Þannig eyddu ungar stúlkur, sem ekki ætluðu að halda áfram lengra námi, oft sjer til angurs og skaða miklum tíma og orku í gagnslaust stærðfræðinám, í stað þess að geta sjer til varanlegs gagns og ánægju sint íslenskum bókmentum. Og hagnýtt var námið ekki, svo sem þurft hefði að vera. Efnismenn með háu prófi kunnu ekki að gera einfaldan vinnusamning eða litinn viðskiftareikning, eftir því sem merkir vinir skólans, er til þektu, hafa játað. Þessi missmiði voru alveg eðlileg afleiðing þess, að hið almenna nám Akureyrarskólans hafði verið sett í of náð samband við undirbúningsnám háskólans. Hinsvegar hafa altaf haldist margir eftirsóknarverðir kostir við skólalífið á Akureyri. Sambúð kennara og nemenda hefir yfirleitt verið í besta lagi. Skólalífið hefir verið fjörugt og mjög að skapi æskumanna. Að því leyti hafa áhrif skólans altaf verið heilbrigð og sterk. Í Reykjavík varð þróun gagnfræðadeildarinnar með öðrum hætti. Hún varð aldrei almennur alþýðuskóli, varla einu sinni fyrir Reykjavík. Þó voru nemendurnir langflestir þaðan, því að hið lága aldurstakmark í fyrsta bekk og lokun 2. og 3. bekkjar útilokaði aðkomumenn að mestu. Auk þess litu flestir svo á, að gagnfræðadeildin væri ekki skóli út af fyrir sig, heldur aðeins forstofa og inngangur og lærdómsdeild og háskóla. Í raun og veru var Reykjavík og Suðurland jafnt án eiginlegs gagnfræðaskóla, þrátt fyrir kensluna í þrem neðstu bekkj-

um Mentaskólans. En vitaskuld leiddi þessi vöntun til þess, að Mentaskólinn óx úr hófi fram, og vegna vöntunar á hagnýtri alþýðufræðslu bárust margir með straumnum áleiðis að háskólanámi, án þess eiginlega að óska þess sjálfir, eða að þjóðinni væri nokkur ávinningur að löngu námi þeirra.

Að einu leyti hafði skifting Latinuskólans í tvær deildir í sama húsi, gagnfræða- og lærdómsdeild, miður heppileg áhrif. Áður var skólinn ein heild. Nú brotnaði hann sundur í tvo hluta. Hinir barnungu nemendur í gagnfræðadeild áttu ekki samleið við eldri deild. Skólafjelögin urðu tvö, fundir og samkomur aðskildar fyrir deildirnar. Hinn geysilegi vöxtur skólans gerði hjer ilt verra, svo og þrengsli og margskonar erfiðleikar, sem stöfuðu af offyllingu skólans. Nemendur þektust miklu minna en skyldi milli bekkja og deilda og fjelagslíf skólans, þegar tekið var tillit til allra bekkja, varð alt of lítið. Að visu hafði tekist að brjóta fullkomlega niður þann sjálfstæðisanda þilta, sem mjög hafði borið á síðustu árin sem gríska og latina voru aðalgreinar skólans. En ef þar var um sigur að ræða, þá fylgdi þar með sá ókostur, að neðri deildinni hafði í raun og veru verið með aldurstakmarkinu vendilega lokað fyrir öðrum en barnungu fólki úr Reykjavík, sem sökum æsku gat varla haft mikið sjálfstæði til eins eða annars í sambandi við fjelagslíf nemenda.

Meðan fornmálin voru aðalkenslugreinar í skólanum höfðu nemendur oftast verið um 80—100. Þá var mjög rúmt um skólafólkið og kennarana, og ef húsrúm skólans hefði verið notað skynsamlega, þá gat ytri aðbúnaður nemenda verið alveg prýðilegur. En að því er virðist hafa forráðamenn skólans aldrei fyllilega kunnað að notfæra sjer aðstöðuna í því efni. Meðan heimavist var í skólanum, var hún herfilega illa útbúin fyrir nemendur. Og hið mikla og góða bókasafnshús hefir til þessa dags verið einskonar fangelsi fyrir bækur. Það er og hefir verið svo að segja harðlokað fyrir nemendum. Það er alls ekki hægt að hita það, og á meðan hlýtur húsið að vera sem næst gagnslaust fyrir skólann. Á hinn bóginn myndi það vera nemendum, ekki sist í jafnyfirfylltum skóla og Mentaskólinn hefir verið nú um stund, alveg ómetanlegt hagræði að hafa vistlegan lestrarsal með handhægu bókasafni til daglegra afnota.

Eftir 1910 tók skólinn að gerast afarfjölsóttur. En hvorki Alþingi nje landsstjórnin virðist hafa veitt því eftirtekt, að skóli, sem í liðuga hálfu öld hafði haft 50—100 nemendur, var nú að lokum á góðum vegi með að fá 300 nemendur, án þess að nokkuð væri gert, nema að fjölga bekkjum og bæta við kennurum, án þess eiginlega að málið væri nokkurntíma tekið til meðferðar á Alþingi. Að nokkuð þyrfti að gera sjerstaklega til þess að bjarga við fjelagslífi nemenda í þessum geysistöra, yfirfyllta skóla, virðist engum hafa komið til hugar. Hið eina jákvæða úrræði var það, er stjórnin beitti sjer fyrir á þingi 1927, að koma upp heimavist fyrir nokkuð af nemendum. En sú framkvæmd var meir borin uppi af löngun til að bæla niður kröfuna um framhaldsnám á Akureyri heldur en af skilningi á þörf Mentaskólans, eins og glögt sjest á meðferð málsins, enda hafa þeir, sem stóðu að þessu heimavistarmáli á Alþingi í það sinn, síðan gleymt bæði þeirri og öðrum umbótaþörfum skólans. Málið hafði verið svo lítið undirbúið, að það kom flatt upp á for-

göngumennina á Alþingi, er þeim var bent á, að slíkt hús yrði ekki byggt á lóð skólans sjálfs; til þess væri hún of lítil. Eins og þá stóð, hefði orðið að hola heimavistinni niður einhversstaðar í útjöðrum bæjarins.

Þegar stjórnarskiptin urðu seint um sumarið 1927, var að því er virðist í fyrsta sinn í æfi skólans farið að athuga ástand skólans af kenslumálastjórninni. Þáverandi rektor, Geir T. Zoëga, lýsti yfir, að það væri í fyrsta sinn sem kenslumálaráðherra heimsækti skólann. Við fyrstu athugun var auðsæ vanræksla þjóðfélagsins gagnvart þessari stofnun. Bærinn hafði látið byggja hús svo að segja fast að bakhlið skólans og þar hafði jafnvel árum saman verið höfð steinoliugeymsla. Nemendur höfðu nálega engan blett til útleika, nema ef telja skyldi örmjóa rönd bak við húsið. Húsið var vanhirt að utan. Þakið ekki verið málað í 7—8 ár. Hver krá í skólahúsinu var full af skólaborðum. Kennararnir höfðu mist kennaraherbergið gamla og höfðu nú til sinna afnota lítið og vanhirt herbergi, þar sem vantaði nálega öll þægindi og þar sem hinn fjölmenni kennarahópur gat naumast staðið undir þaki milli tíma. Fyrir áhöld skólans, svo sem landabryjef, var engin geymsla til, og varð að geyma nokkuð af þeim hlutum í sjálfri kennarastofunni. Á efsta lofti hússins hafði fyrrum verið spítali og geymsla, meðan heimavist var. Nú var allt þetta gert að bekkjum, en með sem minstri fyrirhöfn og svo illa um húið sem mest mátti vera. Í fjósi rektors bak við húsið hafði verið gerð kenslustofa fyrir eðlis- og efnafræði, og var það hið óvistlegasta hús. Ekki einu sinni haft fyrir að setja þar loftrás út, fyr en í sumar sem leið. Fyrir heilsu nemenda var ekki mikið gert. Alt húsrúm í skólanum, sem inögulegt var að taka, var orðið að bekkjarúmi. Þrengslin voru svo mikil, að hvergi var rúm til að hengja vosklæði nemenda, nema inni í bekkjunum sjálfum, á veggina eða inn í skápa, sem voru aðeins í loftsambandi inn í kenslustofurnar. Salerni fyrir meginþorra nemenda voru ekki nema þrjú og lítt útbúin, veggir á flestum skólaherbergjum skjöldóttir, gólfín mjög ósljett og hnútótt, og ekki dúklögð fyr en á neðstu hæð síðastliðið sumar. Leikvellir voru engir. Leikfimi í miður vel viðhöfðu húsi aðeins tvisvar í viku eins og fyrir tveimur mannsöldrum síðan. Allir bekkir voru fylltir á haustin, svo sem framast mátti verða, og farið að hafa útibú niðri í bæ, alveg laust við aðalskólann. Þessi vanræksla hafði svo gegnsýrt marga menn, sem helst höfðu kynni af skólanum, að það þótti nálega óhæfa, er sett var loftdæla í skólann snemma vetrar 1927—28 og hreinu loft dælt inn í hinar yfirfullu skólastofur. Svo sem vænta mátti, var heilsufar ekki sem best í skólanum, og bar einkanlega mikið á berklaveiki. Var sumum kennurum skólans þetta mikið áhyggjuefni, þó að þeir gætu ekki að gert. Óttuðust þeir, að offylling skólaherbergjanna og hin gömlu, lítt viðgerðu herbergi, sem nemendur áttu nú langdvalir í, væru að ekki litlu leyti orsök vaxandi krankleika.

Eftir að kenslumálastjórnin hafði kynt sjer alla aðstöðu skólans, var byrjað á umbótum til að vinna móti mestu ágöllum. Loftrás var sett í skólann. Vorið 1928 voru ekki teknir fleiri nýir nemendur í skólann en unt var að þrengja í herbergi hans sjálfs, og lagðist þá niður útibúið niðri í bæ. Sumarið 1928 var gerð höfuðviðgerð á neðstu hæð. Gólfín sljettuð og dúk-

lögð, veggir fóðraðir og málaðir, salernum fjölgað, svo að fullnægt væri venjulegum heilbrigðis- og þrifnaðarkröfum. Ein kenslustofa var tekin til vosklæðageymslu fyrir allan skólann. Á þriðju hæð var náttúrugripasafnið, sem áður var ónothæft nema til geymslu, gert að góðum bekk fyrir náttúrufræðiskenslu, jafnframt því að þar fer betur en áður um náttúrugripi skólans. Í framhaldi af þessum aðgerðum hefir stjórnin búið undir, að lokið yrði viðgerð hússins utan og innan nú í sumar. Ennfremur að salur skólabókasafnsins verði gerður nothæfur til daglegrar vinnu fyrir nemendur skólans.

Nú hefir verið lýst nokkuð mörgum þeim erfiðleikum, sem Mentaskólinn hefir átt við að stríða á undanförunum árum. Afleiðingarnar hafa augljóslega komið fram í fremur daufu og tilbreytingarlitlu skólalífi, og að aðbúðin hefir ekki getað gert skólann að kæru viðbótarheimili fyrir nemendur yfirleitt. Á hinn bóginn hafa kennarar skólans unnið með mikilli elju og ástundun að starfi sínu, og munu stúdentar frá Mentaskólanum í bókþekkingu í flestum greinum standa fullkomlega jafnfætis stallbræðrum sínum í nágrannalöndunum.

Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er stefnt að því, í sambandi við bættan húsakost fyrir mentaskólanám og gagnfræðakenslu í Reykjavík og á Akureyri, að koma við skipulagsbreytingu á skólunum sjálfum, í samræmi við þá reynslu, sem þjóðin hefir fengið á undangengnum aldarfjórðungi.

Í fyrsta lagi á hjer að lögfesta það skipulag, sem hófst á lýðveldisöldinni og hjelst fram á hnignunartímum um 1800, að mentaskólanám megi stunda á tveim stöðum í landinu, öðrum á Suðurlandi en hinum nyrðra. Í öðru lagi á að gerbreyta því gagnfræðaskipulagi, sem hófst í Reykjavík og á Akureyri um leið og fornmálin viku úr æðsta sessi í Mentaskólanum. Í stað þeirrar bókfræðikendu gagnfræði, sem í raun og veru var aðeins innangangur að ennþá lengri bókfræðaiðkunum, á að koma raunveruleg gagnfræði, sem býr ungu kynslóðina undir athafnalíf við lífskjör almennings á Íslandi.

Í þriðja lagi á að gera Mentaskólann einskiftan, og um leið ljetta af þeim margháttuðu óþægindum bæði fyrir nemendur og kennara, sem stafað hafa af ofþrengslum þar.

Í fjórða lagi á að haga svo inntökuskilyrðum í Mentaskólann í Reykjavík og mentadeild Akureyrarskólans, að efnilegir unglingar og þroskaðir menn, sem lokið hafa námi í hjeraðsskólum sveitanna og gagnfræðaskólum kaupstaðanna, eða aflað sjer almennrar mentunar á annan hátt, geti kept um inntöku í þessa skóla og haldið áfram undirbúningi fyrir háskólagöngu. Á þann hátt geta námsmenn hvar sem er á landinu og á hvaða aldri sem er, með því að afla sjer almennrar mentunar, prófað mátt sinn í því skyni að halda áfram lengra námi. Á hinn bóginn vita menn nú af reynslunni, hjá hvaða skerjum ber að sneiða um form og fyrirkomulag hinna almennu ungmenntaskóla í kaupstöðum og sveitum. Þeir hafa sitt eigið takmark, að búa æskuna undir starfslífið í landinu. Hitt er aukaatriði, að lítill minni hluti

af nemendum þessara skóla notar ungmennafræðslu sína sem þrep inn í æðra skóla.

#### 1.—4. gr.

Eftir að latínan hætti að vera aðalnámsgrein, var skólinn kallaður Hinn almenni mentaskóli. En brátt fundu menn, að heitið væri óþarflega langt, en aðalnafnið gott. Er því hjer lagt til, að skólinn heiti framvegis Mentaskólinn í Reykjavík, að ársdeildir sjeu fjórar, en bekkir átta. Sjeu hliðstæðar máladeild og stærðfræðideild.

#### 5 gr.

Námsgreinar í skólanum eru nálega hinar sömu og nú, en kennarar skólans hafa lagt til, að gera megi, án samþykkis Alþingis, minniháttar breytingar á kenslugreinum, ef yfirstjórn skólans álitur breytinguna til bóta. Bókfærsla er tekin upp sem skyldunámsgrein, og ber margt til þess. Margir embættismenn hafa fram að þessu oft haft mikið ógagn af að hafa ekki numið bókfærslu í æsku. Nemendur finna þetta sjálfir, og nú í vetur hafa um 90 af nemendum í lærdómsdeild sent kenslumálastjórninni ósk um að láta framvegis kenna bókfærslu í máladeildinni, en minka þar almenna stærðfræði. Rökestyðja nemendur þetta þannig, að úr því að engin latína sje nú kend í stærðfræðideild, megi stærðfræðin gjarnan minka til muna í máladeild, þar sem latína eigi að vera ein af höfuðnámsgreinum. Auk þess er hjer gert ráð fyrir vinnubragðakenslu, og er þá einkum átt við ýmiskonar smíðar, steinsteypu, járnsmíði og trjesmíði. Sökum þrengsla við skólann myndi þó fyrst um sinn erfitt að koma fyrir kenslu í vinnubrögðum, sem jafnast getur á við það, sem gerist í því efni í sumum erlendum fyrirmyndarskólum.

#### 6. gr.

Að sjálfsögðu á íslensk tunga að skipa æðsta sess í skólanum. Hentugt þykir að byrja ekki nema á einu erlendu máli í sama bekk. Með því að skólinn hefir fram að þessu verið mjög einhliða bókræðaskóli, og litill vafi á, að hin andlega áreynsla hefir stundum verið of mikil og of einhliða, hefir þótt hlýða að vara við þeirri hættu. Auknar íþróttir, útivist, ferðalög og líkamleg vinna eiga vitaskuld fyrst og fremst að efla fjör og hreysti líkamans.

#### 7.—9. gr.

Hjer er tekin upp sú nýbreytni, eftir tillögum kennara skólans, að stytta megi próf milli bekkja og leyfa nemendum, sem hafa góða einkunn, að komast próflaust milli bekkja. Þykir kennurum skólans, sem óþarflega mikill tími fari stundum í bekkjarprófin, og telja þeim tíma betur varið til náms. Þá er það og nýbreytni, að ljúka megi fullnaðarprófi í einstöku námsgreinum bæði í öðrum og þriðja bekk, og er það gert til að ljetta af nemendum óþarfri byrði með því að láta þá hafa allar námsgreinar til stúdentsprófs.

#### 10. gr.

Það er og nýbreytni og mjög til bóta að leyfa utanskólanemendum að taka árspróf við skólann, og ef fleiri ná prófi heldur en húsrúm leyfir, þá ráði prófeinkunn. Með þessum hætti á úrvalið af þeim, sem keppa, jafnan aðgang að skólasetu, meðan húsrúm endist. En á hinn bóginn er mönnum, sem lesa utanskóla, veitt sú björg, að þeir geta lokið ársprófum við skólann um leið og hinir föstu nemendur og haft af því margskonar ljetti við námið. Að því er snertir takmörkun á inngöngu nemenda í skólann, þá er hún sjálfsgöð, nema ríkið vilji beinlínis taka að sjer þá skyldu, að kosta kenslu allra þeirra unglunga, sem vilja verða stúdentar. Ef svo ætti til að haga, gæti svo farið, að í Reykjavík einni saman yrði að reisa annan skóla, jafnan að stærð húsi Mentaskólans, til að mæta eftirspurninni. En meðan ríkið hefir ekki nema takmarkað húsrúm til kenslunnar, verður að raða umsækjendum eftir fastri reglu, og er þá varla á öðru að byggja en námshæfileikum og þekkingu nemenda. Mun varla þurfa að óttast, að ekki verði hægt að sinna sanngjörnum kröfum þjóðarinnar um stúdentsmentun, ef fullskipaðir eru í Reykjavík tveir bekkir í hverri ársdeild og einn á Akureyri. Erlendis reka einstakir menn, og einkum bæjarfjelög, oft mentaskóla, sem ríkið styrkir eða styrkir ekki, eftir því sem til hagar á hverjum stað. Hugsanlegt er, að seinna meir vildi einhver kaupstaður, og þá væntanlega helst Reykjavík, gera fleiri að stúdentum heldur en rúmast geta í landsskólunum, og er þá hægur leikur fyrir stórt og efnað bæjarfjelag að starfrækja sinn eigin mentaskóla, til viðbótar rikisskólunum.

#### 11.—12. gr.

Hjer eru talin inntökuskilyrði í fyrsta bekk Mentaskólans. Gert er ráð fyrir, að lágmarksaldurstakmark sje 15 ár, nema sjerstaklega standi á. Til að geta staðist inntökupróf þarf efnilegur nemandi að hafa numið a. m. k. sem svarar tveim vetrum eftir að barnafræðslu lauk. Mjög margir nemendur, sem kæmu úr gagnfræðaskólum kaupstaðanna, og einkum þó úr hjeraðsskólum sveitanna, yrðu alveg fullorðnir menn, eins og tíðkaðist áður en hið lága aldurstakmark útilokaði slíka menn úr gagnfræðadeild Mentaskólans. Ef meiri hluti nemenda í Mentaskólanum yrðu hálffullorðnir eða fullorðnir menn, væri bæði erfitt vegna kenslunnar og óþægilegt á margan hátt, að barnungir nemendur væru líka í skólanum.

Þá má ennfremur leiða rök að því, frá sjónarmiði uppeldisfræðinga, að það er alt að því háskalegt að láta börn og unglunga fara eins og í lokuðum vagni úr einum bekk og einum skóla í annan. Með því móti er hætt við, að nemendur verði lærðar vjelar öllu fremur en alhliða og þroskaðir menn. Æskan þarf umfram alt að fá að njóta mikils frelsis og sjálfræðis, ef þroska-línan á að haldast óslitin. Ef til vill hefir ekkert haldið betur við þjóðmenningu Íslendinga heldur en frelsi og heimalestur hins óskólagengna hluta þjóðarinnar.

Áður eru leidd rök að því, að gagnfræðakenslan á Akureyri og í neðri bekkjum Mentaskólans hafi beðið mikið tjón við að vera fastbundin við inntökukröfur lærdómsdeildar. Nú á að bæta úr þessu með fullkominni skipulagsbreytingu. Gagnfræðakenslan í Reykjavík er flutt úr húsi Mentaskólans og í sjerstaka byggingu annarsstaðar í bænum. Á Akureyri er gert ráð fyrir, að gagnfræðadeildin verði fyrst um sinn í sama húsi og mentadeildin. En það er aðeins sparnaðarráðstöfun, til að geta meðan kostur er notað nokkuð af húsi og áhöldum skólans í þágu ungmennaskóla bæjarins og hjeradsins. En að öðru leyti er gert ráð fyrir, að gagnfræðadeildirnar í Reykjavík og á Akureyri standi í engu beinu sambandi við mentadeildirnar í þessum tveim kaupstöðum. Það á að vera nákvæmlega sama aðstaða fyrir unglunga, sem ganga gegnum hjeradsskóla sveitanna eða gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Ísafirði og Norðfirði, að komast inn í fyrsta bekk í mentadeild eins og fyrir þau ungmenni, sem numið hafa í gagnfræðadeild í höfuðstaðnum eða á Akureyri.

Kröfur þær, sem hjer eru gerðar til inngöngu í mentadeild, eru í aðalatriðum þær, sem gerðar eru til manna, sem telja má, að hafi fengið sómasamlega almenna mentun. Þessa mentun eiga hjeradsskólar og gagnfræðaskólar að geta veitt, án þess að seilast í nokkru verulegu út fyrir takmörk sín. Þó er gert ráð fyrir, að nemendur í alþýðuskólunum muni yfirleitt verða að fá sjer nokkra aukatilsögn hjá kennurum sínum eða öðrum, til að geta uppfyllt inntökuskilyrðin. En sú fræðsla væri þá fengin í þeim námsgreinum, sem beinlínis teljast til almennrar mentunar í landinu. Nemendur úr ungmennaskólum kaupstaða og sveita eru þess vegna ekki lokkaðir út á tálbrautir, þó að þeir eyði einhverjum tíma í að búa sig undir inntöku í mentadeild, án þess að geta náð því takmarki.

Fram af þessu hafa tveir svokallaðir alþýðuskólar, í Reykjavík og á Akureyri, verið í beinu sambandi við mentadeildirnar. En þetta samband hefir verið of einhliða bundið við þarfir mentadeildanna, svo að þessir tveir undirbúningsskólar hafa hætt að vera sjálfstæðir alþýðuskólar. Eitt meginatriði þessa frv. er að slíta þetta band, sem nú er orðið til skaða fyrir þjóðina, en ekki til gagns. Í stað þess fá allir landshlutar nú jafnrjetti í þessum efnun. Hinir mörgu nýju ungmennaskólar, sem þörf þjóðarinnar er að mynda bæði í sveitun og bæjum, eru og hljóta jafnan að verða miðaðir við þarfir almennings í landinu. Þeir eiga að veita þeim mönnum, sem vinna að frumframleiðslunni á sjó og landi, þá almennu mentun, sem samtíðin telur nauðsynlega. En jafnframt þessu eiga námshneigðir unglingar úr 10—12 skólum víðsvegar á landinu að standa allvel að vigi, með litlum aukatilkostnaði og áreynslu, að keppa með góðum árangri um inntöku í mentadeild á Akureyri eða í Reykjavík. Fram að þessu hefir efnahagur og heimilisfang foreldra í landinu oft ráðið mestu um, hvort unglingur hlaut stúdents- og háskólamentun. Með því skipulagi, sem í nálega aldarfjórðung hefir verið á Mentaskólanun í Reykjavík, er eins og forráðamenn skólans hafi ætlað að tryggja vissri stjett í landinu, og einkum þó í bænum, úrvalsstöðu við skólann. Með frv. þessu er öllum stjettun og öllum landshlutun gert jafnhátt



undir höfði um aðgang að mentaskólanámi, að því leyti sem lögbundið skipulag getur jafnað aðstöðumun i því efni yfirleitt.

### 13.—15. gr.

Með því að ákveða hámark kenslustundafjölda á að tryggja það, að bekkjarsetur verði ekki úr hófi langar. Eftir enskum sið er tekin upp sú nýbreytni að kenna ekki eftir hádegi á laugardögum. Eitt af því, sem veldur mun á skólunum i Reykjavík og á Akureyri, er lengd kenslutímans ár hvert. Í Reykjavík er gömul venja, að skólinn starfi i júní. Á Akureyri er líka gömul venja, að nemendur hafi lokið prófum síðasta dag maímánaðar. Með því að gera ráð fyrir, að nemendur i Reykjavík verði yfirleitt yngri en á Akureyri, og með því að hafa inntökupróf nokkru þyngra á Akureyri, eins og hjer er gert ráð fyrir, á þessi munur, sem venjan hefir skapað á háðum stöðunum, ekki að verða til skaða, heldur auka heilbrigðan sjerkenneileika beggja skólanna.

### 16 gr.

Þessi grein er nálega orðrjett tekin úr launalögum þeim, sem nú gilda. Aðeins bætt því við, að ákveða tölu fastra kennara jafna tölu bekkja. Ennfremur að skólameistari hafi 2000 kr. i risnufje, ef hann hefir aðalumsjón með heimavist, en því má vel fyrir koma, ef skólanum tekst að auka lóð sína, eins og nú er unnið að. Með því að hafa heimavist við skólann undir eftirliti skólameistara, getur tekist að mynda i skólanum heimilislif, sem nú vantar mjög tilfinnanlega. Með því að ákveða tölu fastra kennara við skólann, er skorið á þá meinsemd, sem myndaðist á stríðsárunum og fyrst á eftir, þegar landsstjórnirnar bættu við kennurum með launakjörum fastra kennara án þess að Alþingi væri um spurt. Með því að kostnaður við skólann greiðist annaðhvort samkvæmt stofnlögum skólans eða tilteknum heimildum fjárlaga, hverfur sá glundroði úr fjármálum skólans, sem ríkt hefir um stund, til skaða landi og lýð.

### 17.—18. gr.

Hjer er byrjað á þeirri nýbreytni, að ljetta megi að nokkru stundafjölda kennara og skólameistara, sem vinna til muna aukastörf vegna kenslunnar og skólans. Er það alkunna, að tungumálakennarar i stórum skólum hafa jafnan erfiða og þreytandi heimavinnu við stílaleiðrjettingar, og hefir þeim lítil sanngirni verið sýnd i þeim efnum fyr en nú.

Þá þykir rjett að gera það að aðalreglu við skólann, að kennarar og skólameistari hafi lokið prófi við háskóla. Þó má sú regla ekki vera undantekningarlaus, og má i því efni benda á, að við skólann starfa nú nokkrir mikilhæfir menn, sem ekki hafa lokið háskólaprófi, og mun geta komið fyrir á ókomnum árum, að slíkir menn þyki eftirsóknarverðir. Þá er þess krafist, að kennarar við skólann hafi kynt sjer mentaskólakenslu við nokkra samþærilega skóla. Þetta er nýbreytni, sem ætti að geta haft nokkra þýðingu. Mjög oft hafa kennarar Mentaskólans verið algerlega ókunnugir kenslu, kensluaðferðum og skólastjórn i öðrum skólum en þeim eina, þar sem þeir

höfðu sjálfir stundað nám. Um tvo hina merkustu skólastjóra hjer á landi á 19. öld, þá Bjarna rektor við Latinuskólann og Jón Hjaltalín skólastjóra á Möðruvöllum, er það vitanlegt, að þeir stóðu um margt framar sínum samtíðarmönnum í skólamensku, og að annar bygði þar á nokkuð viðtækri skólakynningu í Danmörku, en hinn frá Englandi.

#### 19.—22. gr.

Það er nýjung, tekin eftir reynslu nábuþjóðanna, að fela ákveðnum kennara eftirlit með nemendum í tilteknum bekk. Sá kennari á að verða hollvinur og trúnaðarmaður þeirra nemenda, sem eru í umsjá hans. Þetta úr-ræði á að geta verið til mikils gagns. Einhver helsta vöntun í hverjum mann-mörgum skóla eru ókynni kennara og nemenda, og þessa ágalla hefir að sjálf-sögðu gætt nokkuð mikið í Mentaskólanum, sem bæði er orðinn mjög fjöl-mennur, vantar heimavist og hefir tilfinnanlega skort húsrúm og landrými.

Kennarar Mentaskólans lögðu til, að nemendur í hverjum bekk kysu sjálfir þann kennara, sem vera skyldi forsjarmaður þeirra. Þó að það skipu-lag sje að visu frjálsmannlegt, þykir varla á það hættandi að leggja út á þá braut undirbúningslaust. Kennarar við alla skóla njóta að sjálf-sögðu trausts og hylli nemenda á nokkuð misjafnan hátt, og ekki víst, að það myndaði heppilegan grundvöll fyrir samstarfið, ef margir bekkir hyltu fyrst og fremst 1—2 kennara, sem vel gæti komið fyrir, þó að margir aðrir stæðu vel í stöðu sinni. Á hinn bóginn getur vel svo farið, að skyldurækinn kennari verði mjög vinsæll í bekk þeim, sem honum er sjerstaklega trúað fyrir, þegar hann fær tækifæri til að kynnast tilteknum hópi nemenda betur en orðið getur með bekkjarstarfinu einu saman.

#### 22.—23. gr.

Um yfirstjórn skólans, auk ríkisstjórnarinnar, hafa komið fram þrjár mismunandi tillögur. Kennarar skólans lögðu til, að í stjórnarráðinu væri sjerstakur skrifstofumaður, sem hefði umsjón þeirra mála með ráðherra. Fræðslumálastjóri lagði til að hafa fámenna nefnd skólafróðra manna. Og að lokum er hjer lagt til að hafa 12 manna ráð, þar sem eigi fast sæti nokkrir fulltrúar gamalla nemenda, frá bæjarstjórn Reykjavíkur, frá Alþingi og Há-skólanum. Fræðslumálastjóri sje sjálfkjörinn formaður. Skólaráðið yrði væntanlega að koma saman nokkrum sinnum á ári og gera tillögur um flest mál viðvikjandi stjórn skólans, þau sem ríkisstjórnin verður að ráða fram úr.

Þvi er ekki haldið fram, að slíkt skólaráð myndi uppgötva margar ný-ungar í skólamálum. Sennilega mun ekkert skólaráð gera það, og geta slíkar stofnanir þó verið mjög nauðsynlegar. En tólf manna skólaráðið á að vera skjaldborg um skólann. Það á að tengja gamla nemendur, stjórn bæjarmál-ænna, þar sem skólinn starfar, og Alþingi með kynningar- og hagsmunabönd-um við skólann. Skólaráðið á í stuttu máli að tengja skólann við líf þjóð-arinnar.

Margir menn, bæði á Íslandi og í öðrum löndum, hafa sterka ótrú á ríkisrekstri vandasamra fyrirtækja. „Þjóðnýtingin“ á ekki upp á pallborðið

þjá slíkum mönnum. Og því verður ekki neitað, að andstæðingar þjóðnýtingar geta í öllum löndum, og líka á Íslandi, fundið i starfrækslu opinberra fyrirtækja mörg átakanleg dæmi um sleifarlag á framkvæmdum þjóðfjelagsins. En ef til vill er ekki auðvelt að finna hjer á landi öllu meira af röksemdum gegn ríkisrekstri heldur en árangurinn af stjórn þjóðfjelagsins á Mentaskólanum. Eru áður leidd rök að því, hversu skólinn hefir elst í algerðu umsjár- og eftirlitsleysi ríkisins, sem átti skólann, og bæjarfjelagsins, sem sendi þangað flesta lærisveina. Fram að árinu i fyrra hafði enginn maður úr stjórn landsins komið i skólahúsið til að líta eftir ástandinu. Fram að vetrinum i vetur mun aldrei hafa viljað til, að hópur þingmanna kæmi til að vita, hvernig fjölmennasta og dýrasta mentastofnun landsins liti út. Og fram til þessarar stundar munu fulltrúar Reykjavikurbæjar ekki hafa gert mikið annað fyrir skólann en að króa hann inni i óþægilegu þjettþýli, sem hindrar fjörugt æskumannalíf i skólanum meir en margan grunar.

Gamlir nemendur hafa lítið. gert fyrir skólann, en þó hefir þar helst verið nokkur lífsvottur. Í hátíðasalnum eru nokkur málverk af fyrverandi kennurum og skólameisturum, sem gamlir nemendur hafa gefið. Auk þess hafa gamlir nemendur hin síðari ár, á hátíðlegum afmælisdögum náms þeirra i skólanum, gefið mjög sómasamlegar upphæðir i styrktarsjóð nemenda.

Með skólaráðinu á að skapa hring velviljaðra stuðningsmanna um skólann til að bæta úr deyfð hinnar almennu þjóðnýtingar, sem nú hefir verið lýst. Erlendis hefir tekist að fá gamla nemendur merkra mentaskóla til að hlúa að skóla sínum löngu eftir að þeir eru þaðan farnir. Þeir gefa dánargjafir, listaverk, sjaldgæfar bækur eða dýra muni, lönd eða áhöld, sem skólan vantar, sjóði, sem gera skólalífið fjölbreyttara og meir að skapi ungranna.

Eina röksemdin, sem enn hefir verið borin fram gegn þessari tillögu, er sú, að kuldinn i nánd við skólann sje svo voldugur, að þessi skjólgarðsmyndun sje óframkvæmanleg. Sje það satt, sannar það einungis nauðsyn umbótarinnar. En sem betur fer mun þessi ástæða ekki vera þung á metunum. Þjóðin hefir aldrei fyr en nú fundið annmarkana á þjóðnýtingu skólans. Og þegar þess er gætt, að nú i vetur hefir tekist að fá um 20 listaverk og dýra gripí gefna ungum og vinfáum hjeraðsskóla frá vandalausum mönnum, svo að sú stofnun á nú fleiri listaverk en nokkur önnur mentastofnun i landinu, þá þarf síst að efa, að mjög auðvelt myndi vera að afla Mentaskólanum örláttra vina og stuðningsmanna, ef að því ráði væri horfið.

#### 24. gr.

Kenslugjöld i Mentaskólanum hafa jafnan þótt nokkuð há og koma illa við efnalitla foreldra i Reykjavík. Nú er gert ráð fyrir, að skólaráðið ákveði hámark skólagjalda, enda renni þau i sjóð, sem skólaráðið ræður yfir og notar til þryði skólanum og gagns nemendum. Er það hentugt, að skólaráðið hafi nokkur fjárráð, óháð framlögum Alþingis. Að visu hætta skólagjöldin að renna i rikissjóð. En þau hafa jafnan verið vafasamur al-

mennur skattstofn, og sje meira um eftirlit með rekstrarkostnaði skólans heldur en verið hefir hingað til, mun þessi tekjurýrnun ekki verða tilfinnanleg. Hinsvegar má telja vist, að margskonar sjóðstofnanir, skólanum til eflingar, hlaðist utan á skólasjóðinn undir yfirumsjón skólaráðs.

## 25. gr.

Eins og kunnugt er, voru heimavistirnar í skólanum jafnan mjög fátæklega útbúnar, svo sem lesa má um í endurminningum gamalla mentanna. Þær lögðust niður af því, að forráðamenn skólans skildu ekki gildi þeirra og höfðu ekki framsýni eða þor til að umbæta þær. Auk þess gerði sá hluti höfuðstaðarbúa, sem mest notaði skólann fyrir börn sín, ekki sjerlega mikið úr nauðsyn aðkomumanna til að hafa ódýra dvöl við skólann. Þegar fátækum aðkomumönnum var með aldurstakmarkinu svo að segja harðbannað að koma til náms í þrjá neðstu bekkji skólans, var vitaskuld tilgangslaust að hugsa um heimavist handa utanbæjarnemendum, sem hvort sem var átti að útiloka frá skólanum.

Þörfin fyrir heimavist við Mentaskólann var alveg framandi forráðamönnum skólans, þar til krafan um fullkominn mentaskóla á Norðurlandi var orðin svo hávær, að nærri lá, að óskín um endurreisn Hólaskóla yrði að veruleika. Þá var byrjað að tala um heimavist við skólann af höfuðandstæðingum norðlenska skólans. Það var herbragð í þeirri deilu. Meðan skólamálið nyrðra var óleyst, hlutu stuðningsmenn þess máls að vera á móti þeirri umbót Mentaskólans, sem ekki var fyrst og fremst miðuð við gagn hans, heldur til að spilla fyrir öðru nauðsynjamáli.

En um leið og mentaskólamálið á Norðurlandi er leyst að fullu, og það má telja að svo sje, þegar frumvarp þetta hefir náð samþykki Alþingis og staðfestingu, þá munu þeir, sem vilja í alvöru bæta Mentaskólann, taka höndum saman við gömlu andstæðingana um að þoka því máli áleiðis. Nauðsynlegur undanfari heimavistarmálsins er að skólinn geti aukið byggingarlóð sína, og má vænta, að það megi takast í náinni framtíð. Fylgir frv. þessu fylgiskjal um málaleitanir til Reykjavíkurbæjar um það efni.

## II.

### 26. gr.

Í Reykjavík hefir ekki fyr en nú í vetur verið til vísir að sjálfstæðum, almennum alþýðuskóla. Hin svokallaða gagnfræðadeild var aldrei annað en ákveðinn hluti af undirbúningi háskóla- og embættanáms. Auk þess var skólinn aldrei miðaður við þarfir alls þorrans af uppvaxandi borgurum bæjarins. Með því að brjóta nálega allar reglur um heilnæmi, loft og ljós í Mentaskólanum tókst að þrýsta inn í þá stofnun um 50 ungmennum úr Reykjavík í hverja ársdeild hins svonefnda gagnfræðaskóla. En jafnvel þessi tala,

sem var alt of mikil fyrir húsrúm Mentaskólans, var alt of litil fyrir hina raunverulegu gagnfræðapörf í höfuðstaðnum.

Þegar síðasta Alþingi stofnaði ungmennaskólann í Reykjavík, var það fyrsta sporið til að koma hinni almennu ungmennafræðslu í hænum á fastan grundvöll og í samræmi við aðgerðir í öðrum kaupstöðum. Ríkið lagði til tvo fasta starfsmenn við skóla þennan. Og þegar hættir hin svonefnda gagnfræðakensla í Mentaskólanum, eru þessir tveir föstu starfsmenn svo að segja fluttir frá því, sem átti að vera almenn ungmennafræðsla í Mentaskólanum, og yfir í hinn raunverulega gagnfræðaskóla bæjarins. Jafnframt því að Reykjavíkurbær tekur á sig móti ríkinu lögmaeltan hluta af kostnaði við ungmennafræðsluna, eins og aðrir kaupstaðir í landinu, nýtur höfuðstaðurinn þess, eins og Akureyri, að á báðum þessum stöðum hefir verið almenn ungmennafræðsla, kostuð af ríkisfje. En þar sem ungmennafræðslan bæði í Reykjavík og á Akureyri hlýtur að vaxa bröðum fetum og krefjast nýrra og aukinna útgjalda, þá verður öll nýskipun í þeim kaupstöðum að fylgja almennum reglum, sem gilda um slíka skóla í landinu.

#### 27.—30. gr.

Gagnfræðaskólar í kaupstöðunum taka að sjálfsgöðu við meginþorra nemenda litlu eftir að þeir ljúka námi í barnaskólanum. Nemendur í gagnfræðaskólunum verða þess vegna yfirleitt yngri en í hjeraðsskólunum. Að sjálfsgöðu verða gagnfræðaskólarnir líka að taka á móti fullorðnum mönnum, eftir því sem aðsókn krefur.

#### 31.—32. gr.

Kenslugreinar í gagnfræðaskólunum hljóta að vera margar og almenns efnis, bóklegar og verklegar. En á hinn bóginn er ætlast til, að nemendur hafi allmikið valfrelsi. Í fyrsta bekk gagnfræðaskólans verður að veita nemendum, eftir því sem við verður komið, nokkuð traustan þekkingargrundvöll. Fjöldi barna, sem tekið hefir próf úr barnaskólunum, kann ekkert í íslenskri málfræði og er alls ekki sendibrjefsfer. Úr slíkri undirstöðuvanþekkingu í móðurmálinu verður að bæta svo sem unt er, og hliðstætt í öðrum óhjákvæmilegum þekkingargreinum. Annan vetur verða nemendur að hafa meira valfrelsi, og kemur þá til greina verklegt nám fyrir karla og konur, samhliða bóknámi. Verklega námið verður nokkuð breytilegt, eftir staðháttum. Þannig leggur þingmaður Vestmannaeyinga til í frv. um þvílíkan skóla í kjördæmi hans, að piltar nemi þar vjelfræði, og á það vel við, þar sem allur þorri karlmanna stundar sjó á vjelbátum. Yfirleitt myndi alstaðar þykja hlýða, að ungar konur lærðu nokkuð til matreiðslu, sauma og vefnað, en karlmenn margskonar smíðar.

Eftir tvo vetur mun allur þorri nemenda ljúka burtfararprófi og annaðhvort búa sig undir sjernám eða ganga beint út í framleiðslubaráttuna. Í Reykjavík yrði skólinn að sjálfsgöðu mjög stór, með mörgum hliðstæðum bekkjum. Í þeim mikla hópi myndu að sjálfsgöðu verða allmargir, sem að

loknu tveggja ára námi tækju inngönguþróf í fyrsta bekk Mentaskólans. En aðrir, og máske ekki svo fáir, bættu við þriðja vetri í skólanum. Í þeim bekk ætti sjerstaklega að búa ungu kynslóðina undir þátttöku í borgaralegu lífi, nema undirstöðuatriði í þeirri lögfræði, sem á reynir daglega, bókfærslu, hagfræði, vjelritun o. s. frv. Þriðji bekkur skólans væri lokabekkur fyrir þann hluta nemenda, sem ekki leitar sjernáms í öðrum skólum.

### 33.—37. gr.

Í þessum greinum eru tekin upp nokkur aðalatriði úr lögum þeim, sem síðasta Alþingi samþykkti um ungmennafræðslu í Reykjavík.

### 38. gr.

Á Alþingi 1928 varð í efri deild samkomulag um hlutföllin í fjárveitingum frá rikissjóði og bæjarsjóðum til byggingar ungmennaskóla í kaupstöðum, þannig að ríkið legði fram  $\frac{2}{5}$  hluta og hlutaðeigandi bæjarsjóður  $\frac{3}{5}$  hluta. Auk þess verður hlutaðeigandi bær að sjálfsögðu að leggja fram ókeypis lóð undir skólann, sem rikisstjórnin tekur gilda, alveg eins og byggingarstyrkur til hjeraðsskóla hefir um mörg ár verið í fjárlögum háður því skilyrði, að rikisstjórnin samþykkti skólastaðina. Nú er skóli þessi byrjaður, og aðsóknin fyrsta vetur það mikil, að næsta vetur má búast við, að nemendur verði að minsta kosti 100, en líklega fleiri. Nú í vetur fær skólinn inni í tveim ónotuðum bekkjum í Stýrimannaskólanum, en búast má við, að sá skóli sjálfur þurfi annan þann bekk til eigin afnota næsta vetur. En jafnvel þó hægt væri að fá sama húsrúm næstu missiri eins og nú hefir verið bjargast við, er það bersýnilega alt of lítið fyrir hina geysimiklu og lengi vanræktu þörf Reykjavíkurbæjar.

Í fjárlagafrv. fyrir 1930 eru áætlaðar 20 þús. kr. til að reisa ungmennaskóla í kaupstöðum, gegn  $\frac{3}{5}$  annarstaðar að. Reykjavík hefir langsamlega mesta þörf fyrir þennan styrk, eins og að framan greinir. Vöntun á hagnýtum alþýðuskóla í höfuðborginni er hvorki vansalaus nje hættalaus fyrir þjóðfjelagið. Þess vegna er hjer lagt til, að landið leggi fram á þrem árum 60 þús. kr. alls, og Reykjavíkurbær  $\frac{3}{5}$  á móti til að byggja nýjan gagnfræðaskóla. Með því að byggja svo lítið á hverju ári verður miklu meira úr fjenu. Á Laugarvatni hefir nú í vetur fengist reynsla um, að nemendur í ungmennaskólum geta mjög unnið að því að byggja skólana yfir sig. Hafa um 20 piltar með hjálp tveggja kennara og eins manns, sem dró að efni, steypt steina í útveggi á húsi, með kjallara og tveimur hæðum, þar sem 300 manns geta rúmast í fundarsal á aðalhæð. Fyrir nemendur er sliik vinnubragðakensla eitt hið nauðsynlegasta nám. Auk þess sem á þennan hátt tekst að lækka byggingarkostnað skólahúsa meira en áður eru dæmi til hjer á landi.

Eins og sjest af skýrslu, sem fylgir þessu frv. um árlegan rekstrar-kostnað skóla í landinu, kostar hver bekkur í Mentaskólanum rikissjóð árlega 8—9 þús. kr. Með frv. þessu hverfa úr Mentaskólanum tvær ársdeildir, sem fram að þessu hafa verið tvískiftar. Sparast þar árlega við það, sem verið

hefir fram að yfirstandandi vetri, 16—18 þús. kr. á hverri ársdeild, eða alls um 32—36 þús. kr., auk húsnæðis, sem landið hefir kostað eingöngu. Í stað þess verður kostnaður ríkissjóðs við hvern bekk í gagnfræðaskólanum ekki yfir 1600 kr., eða 4 bekkir, samsvarandi tveim neðstu ársdeildum Mentaskólans, alls 6400 kr. Hjer er þess vegna um fullkomna sparnaðarráðstöfun að ræða, auk þess sem full sanngirni mælir með að koma sem fyrst á laggir hagnýtum ungmennaskóla fyrir höfuðstaðinn.

#### 39.—42. gr.

Um styrk til skóla, sem einstakir menn, fjelög eða bæjarfjelög hafa rekið, hefir fram að þessu ríkt hið megnasta ólag og ósamræmi, eins og sjá má af yfirlitsskýrslu, sem fylgir þessu frv. Í frv. um hjeraðsskóla, sem nú liggur fyrir Alþingi, er freistað að koma föstu skipulagi á fjármál þeirra stofnana. Ríkissjóður greiðir víst, en fremur lágt tillag á hvern nemanda. Auk þess greiðir hver nemandi dálítið kenslugjald. Sýslufjelögin leggja ekki neitt fram í rekstrarkostnað, en þar á móti alt að helmingi stofnkostnaðar. Sýslufjelögin hafa ekki gjaldþol svo að fært þyki að leggja á þau árlegan kostnað við starfrækslu skóla. Auk þess er aðsókn að hverjum hjeraðsskóla ekki nema að nokkru bundin við það hjerað, þar sem skólinn starfar. Í bæjunum getur svo að segja hver unglingur, sem vill, stundað nám í ungmennaskóla í bænum. Auk þess hafa bæjarfjelögin mikil fjárráð og ber fulla skylda til að styðja uppeldisviðleitni heimilanna. Þess vegna er hjer leitast við að leggja rjettlátan grundvöll að framlögum til ungmennafræðslunnar í bæjunum, þannig að ríkið leggi fram 1600 kr. á hvern bekk, en bæjarfjelagið 2400 kr. Þar á móti koma þau hlunnindi fyrir gjaldþegna í bæjarfjelaginu, að þeir greiða ekki skólagjöld fyrir börn sín, þar sem það greiðist annars að því er bæjarfjelagið snertir í útsvörunum.

Mjög fljótlega, að líkindum eigi síðar en næsta ár, verður Alþingi að koma skipulagi á ungmennaskóla í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði og Ísafirði. Þá mun og væntanlega innan tíðar koma á fót einn slíkur skóli fyrir kaup-túnin á Austurlandi. Með hinum almennu ákvæðum í þessu frv. er ætlast til, að fundinn sje sameiginlegur grundvöllur fyrir alla ungmennafræðslu í kaupstöðunum, og að sjálfsgöðu engum nýjum hlunnindum bætt við nokkurn af kaupstöðum landsins.

Ákvæðið um, að ríkisstyrk til kenslu og kenslugjöldum megi ekki verja til annars en rekstrar skólans er í samræmi við frv. um hjeraðsskóla.

#### 43.—46. gr.

Til mála gat komið að breyta nafni skólans á Akureyri, að nefna hann mentaskóla, til samræmis við skólann í Reykjavík. En aðstandendur norðlenska skólans, og ekki sist skólameistari, hafa lagt töluvert mikla áherslu á að breyta ekki nafninu. Auk þess er gert ráð fyrir, að tveir skólar sjeu í húsinu, og aðeins annar þeirra er mentaskóli, en hinn venjulegur alþýðuskóli, sem væntanlega verður mest sóttur af Akureyri og úr Eyjafjarðarsýslu. Aðrar

sýslur norðanlands annaðhvort hafa hjeraðsskóla eða eru að vinna að stofnun hans. Í húsi Gagnfræðaskólans má auðveldlega kenna sjö bekkjum, og ef til vill má að skaðlausu bæta hinum áttunda við. Mentadeildin þarf ekki nema fjögur af þessum kenluherbergjum, og eru þá 3—4 eftir handa ungmennadeildinni. Þar sem Akureyrarbær hefir gefið skólanum nú í vetur 12 dag-sláttur af dýru landi, hefir bæjarstjórn kaupstaðarins fyrir sitt leyti sýnt skólanum þá velvild, að fullkomin ástæða er til að láta greiða koma móti greiða og láta bæjarfjlagið fá til afnota fyrir almennan ungmennaskóla, sem mjög yrði, eins og nú, sóttur úr bænum, það af þessari byggingu landsins, sem mentadeildin ekki þarf beinlínis til sinna nota. Það virðist því einsætt að halda nafninu, og er ekkert til fyrirstöðu, að stúdentar útskrifist úr gagnfræðaskóla, úr því Mentaskólinn í Reykjavík hefir í aldarfjórðung getað útskrifað gagnfræðinga úr mentaskóla.

Úr Gagnfræðaskólanum á Akureyri eiga að vera fjórar útgöngudyr fyrir nemendur. Eftir tvo vetur í gagnfræðadeild ljúka flestir nemendur fullnaðarprófi, alveg eins og í hliðstæðum skóla í Reykjavík, og væntanlega síðar í öðrum kaupstöðum. Fyrir allan þorra ungmenna í bæjunum og sveitunum mun tveggja vetra alment nám þykja hóflega langt. Ein röksemd fyrir því er sú, að langar skólasetur eiga þátt í að deyfa fjör og löngun manna til erfiðisvinnu. Nú eru hinsvegar til nemendur í þessum skólum, sem vilja bæta við einum vetri og hætta svo, og er framhaldsbekkurinn miðaður við þeirra þarfir, enda ætlast til, að hið sama skipulag verði við alla kaupstaðarskólana. En þetta áframhaldsnám er á engan hátt undirbúningur fyrir mentadeildina, heldur þvert á móti hrein og bein gagnfræði, miðuð við þarfir hins daglega lífs. Með því að hafa þessi tvö sjálfstæðu lokapróf út úr gagnfræðadeild er unnið á móti þeirri hneigð, sem mjög hefir gætt í Reykjavík og brytt á við Akureyrarskólann, að nemandi í ungmennadeildinni ljeti berast með straumnum inn í lærdómsdeild án þess að hafa til þess nokkra verulega löngun eða sjerstaka hæfileika. Það að hafa „hjeraðsskóla“ Akureyrar og Eyjafjarðar í sama húsi og mentadeildina er eingöngu fjársparnaðaratriði, með því að nemendur úr gagnfræðadeild skólans fá engan forgang til mentadeildar, þótt starfrækt sje í sama húsi, fram yfir nemendur frá Laugaskóla, Eiðum eða öðrum hliðstæðum ungmennaskólum í landinu.

Eftir tvö ár í mentadeild á Akureyri ljúka nemendur burtfararprófi í nokkrum námsgreinum. Er það, með ráði skólameistara, gert til þess að þeir nemendur, sem þess óska, geti þá hætt, ef þeir vilja, án þess að almenningsálitið áfelli þá fyrir að hafa strandað á miðri leið. Á þann hátt yrðu tveir fyrstu bekkir mentadeildar áframhald gagnfræðanáms fyrir allmarga nemendur, enda yrði náminu hagað þannig, að í tveim fyrstu bekkjum mentadeildar yrði lögð stund á þann hluta námsefnis, sem best hentaði þeim, sem ekki vildu fara lengra.

#### 47.—48. gr.

Námsgreinaskrá mentadeildar á Akureyri er mjög lík í fljótu bragði verkefnaskrá Mentaskólans, en þó myndi í framkvæmdinni verða allmikil



verkefnaskifting milli skólanna. Í Reykjavík myndi latínan a. m. k. halda þeirri tímatölu, sem hún hefir nú, ef til vill vera aukin eitthvað. Á Akureyri leggur skólameistari, og með góðum rökum, til, að latína verði aðeins kend í síðasta bekk. Í Reykjavík leggja kennararnir mikla áherslu á að danska sje kend a. m. k. í bekkjum, sem svara til 3. og 4. bekk undir núverandi skipulagi. Á Akureyri myndu Norðurlandamálin lítið kend í mentadeild, en inntökuprófið þá að sjálfsgöðu nokkuð þyngra. Þar sem í Reykjavík yrði eytt nokkuð meiri tíma í latínu og dönsku, myndi á Akureyri námið í frönsku og náttúrufræði geta fengið meiri tíma. Á Akureyri er talið, að móðurmálið og náttúrufræðin eigi að skipa öndvegissessinn. Í Reykjavík er kensla í eðlisfræði og efnafræði mikill hluti af námi í stærðfræðideild. Ef skólinn á Akureyri leggur mikla stund á lífræna náttúrufræði, þá er þar fengin mjög holl og nauðsynleg verkaskifting.

#### 49.—55. gr.

Um einkunnagjöf er nokkur skoðanamunur milli kennara Mentaskólans og Gagnfræðaskólans á Akureyri, og þykir vel fara á, að báðir aðilar geti lifað eftir því, sem þeir álíta best fara. Að því er snertir inntöku utanskólanna að afstöðnu prófi hefir skólameistarinn á Akureyri lagt töluverða áherslu á, að unt væri að taka tillit til manna með einhæfar gáfur. Er því lagt til, að á Akureyri megi skólameistari, með samþykki skólaráðs, taka í skólann nemendur með frábærlega góðum hæfileikum til að nema einstakar greinar, þó að prófeinkunn þeirra í sumum öðrum greinum sje fremur ljæg. Hjer er um mjög gagnlega nýbreytni að ræða, því að það er hin mesta fásinna að loka vegum almennrar mentunar fyrir mönnum með einkenni- legar sjergáfur. Aldurstakmarkið á Akureyri er sett nokkru hærra en í Reykjavík, með tilliti til þess, að sá skólinn verði yfirleitt meir sóttur af mönnum, sem ekki stunda slíkt nám fyr en þeir geta að miklu leyti unnið fyrir sjer sjálfir.

Meðal inntökuskilyrða á Akureyri er nokkur kunnátta í þýsku talin með, þó að þess sje ekki krafist í Reykjavík. Er það gert með tilliti til þess, að skólinn á Akureyri hættir nokkru fyr á vorin en Reykjavíkurskóli. Auk þess er þýskunám nú svo algengt í landinu og stundað með góðum árangri í sumum hjeraðsskólunum, t. d. á Hvítárbakka, sem nokkur hluti af almennri alþýðumentun, að sú krafa ætti ekki að vera skólanum til бага. Auk þess er krafist meiri þekkingar í náttúrufræði, en öllu minni í stærðfræði. Í Reykjavík þykir ástæða til, að nemendur hafi prófað gáfur sínar í því efni, til að geta auðveldlegar valið milli stærðfræði og máladeildar. Að því er snertir lengd námstímans leggur skólameistari á Akureyri mikla áherslu á að halda honum óbreyttum eins og hefir verið, því að það sje meðal annars undirstaða þess, að margir nemendur, sem enga eiga að, geti komist skuldlitlir gegnum skólann. Með hærra aldurstakmarki og harðara inntökuprófi en við Mentskólann á engu síður að geta haldist jafnvægi í fræðslustarfsemi skólanna.

56. gr.

Fastir kennarar á Akureyri eiga samkvæmt þessu frv. að vera sex, eins og bekkir þeir, sem ríkið kostar að öllu leyti, og laun þeirra jöfn launum kennara við Mentaskólann. Að visu er nokkru ódýrara að lifa á Akureyri en í Reykjavík, en á hinn bóginn geta kennarar við Akureyrarskólann ekki haft þar launuð aukastörf, svo að nokkru nemi. Er nú þegar fengin áreiðanleg vitneskja um, að erfitt er að fá jafngóða menn til andlegrar vinnu á Akureyri og í Reykjavík, nema með því að þeir sjeu a. m. k. jafnsettir með kaup. Eru dæmi til þess frá Noregi, að vísindastofnanir, t. d. í Bergen, borga fræðimönnum sínum herra kaup heldur en tíðkast í Osló, til að veða á móti sterkara aðdráttarafli höfuðborgarinnar.

Kostnaður við fyrsta bekk skólans og annan og þriðja bekk, ef meira eru en einskiftir, kemur á rikissjóð og Akureyrarbæ í sömu hlutföllum og kostnaður við Gagnfræðaskólann í Reykjavík.

57.—59. gr.

Þessar greinar eru nálega samhljóða greinum um sama efni að því er snertir Mentaskólann.

60.—63. gr.

Um skólaráð við Akureyrarskólann gilda sömu röksemdir og áður eru fram færðar um skólaráð Mentaskólans. Skólinn á mjög mikil itök í hugum gamalla nemenda, og er enginn vafi á, að auðvelt er að mynda stuðningsfjelag um hann í þeirra hópi. Á þann hátt myndi skapast heilsusamleg samkeppni milli aðstandenda beggja mentaskólanna um að bæta og efla veg og gengi beggja. Akureyrarbær hefir sýnt, að hann kann að meta þýðingu skólans fyrir bæjarfjlagið, og er enginn vafi á, að skólaráðsmenn, kosnir af bæjarstjórn Akureyrar, myndu jafnan verða skólanum til styrktar. Þá hafa nú um langa stund allmargir þingmenn verið gamlir nemendur skólans og lagt gott til hans mála. Mun frá þeim væntanlega gæta velvildar og umhyggju eins og hingað til.

64. gr.

Með því að mentadeildin verður væntanlega til muna meir sótt af aðkomumönnum heldur en gagnfræðadeild, þykir sjálfsagt, að þeir nemendur eigi að ganga fyrir um alt að tveim þriðjungum heimavistar. Á hinn bóginn munu Eyfirðingar fyrst og fremst, og að sjálfsgöðu allmargir aðrir utanbæjar menn, sækja gagnfræðadeildina, og hafa þeir þá eins og hingað til góða aðstöðu í skólanum.

65.—69. gr.

Gagnfræðanámið á Akureyri er alveg hliðstætt gagnfræðakenslunni í Reykjavík og á að mynda grundvöll fyrir ungmennaskóla í öðrum kaupstöðum landsins að því er snertir öll almenn atriði. Kenslugreinar eru hinar sömu. Námið í þriðja bekk er sist af öllu undirbúningur til inntökuprófs í mentadeild, heldur sjálfstæður lokapáttur í almennri fræðslu karla og kvenna, sem ekki ætla að halda lengra áfram almennu námi.

#### 70. gr.

Meðan húsrúm endist í núverandi skólahúsi á Akureyri, þykir einsætt, að gagnfræðadeild bæjarins fái þar inni endurgjaldslaust, alveg eins og ríkið hefir nú í vetur lánað hinum unga gagnfræðaskóla Reykjavíkur kenslustofur í rikisskóla án endurgjalds. Ennfremur þykir ekki hægt að taka af bænum þá rikiskenslu í tveim bekkjum (að viðbættum þeim fjórum, sem ríkið kostar í mentadeild), sem áður hefir verið þar. En öll viðbót um bekkjarkenslu á Akureyri verður að koma undir hina almennu reglu kaupstaðaskólanna. Í Reykjavík hefir verið skóli með sex ársdeildum, en verða nú aðeins fjórar, um leið og gagnfræðakenslan flytst úr hús Mentaskólans. En til að Reykjavík missi heldur ekki þau hlunnindi, leggur landið fram til Gagnfræðaskólans í Reykjavík tvo fasta starfsmenn og launar þeim. Þessi tvennskonar hlunnindi verða þeir tveir kaupstaðir að hafa, í notum þess skólafyrirkomulags, sem áður hefir verið í þessum tveim bæjum.

#### 71.—72. gr.

Innan skamms þarf á Akureyri að auka húsakost gagnfræðadeildar, einkum vegna verklegs náms karla og kvenna. Bærinn hefir lagt skólanum til, með mikilli og eftirbreytnisverðri rausn, nægilegt land til allra nauðsynlegra bygginga, og þykir einsætt, að kenslumálastjórnin geti bygt á því, og sje jafnvel í eðli sinu skuldbundin gagnvart Akureyrarbæ að nota það. Kostnaður við slíka viðbyggingu, þegar til kemur, greiðist eftir sömu reglu og til samskonar skóla í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum. Akureyrarbær ætlar nú í sumar að bora eftir heitu vatni á laugastað skamt frá bænum, leiða vatnið í sundlaug handa bænum og hita upp væntanlegan barnaskóla bæjarins, ef vatnið endist. Nú gæti svo farið á Akureyri, eins og í Reykjavík, að meira vatn fengist með borun heldur en við er búist fyrirfram, og þykir þá einsætt, að bærinn iegði líka til jarðhitaveitu í skóla handa æskulýð bæjarins. Í sveitunum leggja hjeruðin fram heitt vatn til ungmennaskóla sinna, þar sem staðhættir leyfa.

Þegar Akureyrarbær fer að taka verulegan þátt í starfrækslu gagnfræðadeildar, fær hann að sjálfsögðu, eins og Reykjavík, meirihlutavald móti landsstjórninni í skólanefndinni, er með skólameistara hefir yfirumsjón þeirrar deildar.

#### 73.—76. gr.

Greinar þessar eru að efni til hliðstæðar samskonar ákvæðum um Gagnfræðaskólann í Reykjavík.

## Fylgiskjal I.

3. sept. 1928.

Hr. skólameistari Sig. Guðmundsson, —

Jeg leyfi mjer að mælast til, að þú leggir eftirfarandi málefni, sem er mjög þýðingarmikið fyrir Akureyrarbæ og fyrir landið alt, undir úrskurð bæjarstjórnar á Akureyri við allra fyrsta tækifæri.

Svo sem kunnugt er, studdi núverandi stjórn að því i vetur sem leið, að Hólaskóli hinn forni var að nokkru endurreistur, þar sem Gagnfræðaskólinn á Akureyri fjekk leyfi til að útskrifa stúdenta. Nú í vetur verður af stjórnarinnar hálfu lagt fyrir þingið frumvarp, sem gerir Gagnfræðaskólann að mentaskóla, alveg hliðstæðum hinum almenna Mentaskóla í Reykjavík. Skólinn hlýtur að sjálfsögðu að stækka eitthvað, og umbót þessi getur ekki annað en kostað landssjóð nokkuð, þó að eitthvað kunni um leið að sparast annarsstaðar á landinu við þessa breytingu. En eitt er víst: Breytingin hefir afar mikla jákvæða þýðingu fyrir Akureyrarbæ. Er það einsætt, að skólinn dregur nýja borgara að bænum, bæði starfsmenn við skólann og ýmsa, er hans vilja njóta. Efling skólans hefir bæði beina og óbeina fjárhagslega þýðingu fyrir bæinn. Foreldrar í bænum, sem annars hefðu orðið að senda börn sín í fjarlægum og dýran stað til mentaskólanáms, geta nú látið börnin búa heima hjá sjer, og sparast þannig stórmikið fje, meðan mentaskólanám er stundað. Um menningaráhrifin verður væntanlega ekki deilt. Með stofnun mentaskóla á Akureyri er viðurkennt, að bærinn sje annar höfuðstaður landsins.

En Akureyri verður líka að skilja sinn vitjunartíma. Bærinn verður að sýna i verki, að sæmd hans og gagni sje ekki þröngvað upp á hann. Því að ef svo reynist, gæti auðveldlega komið fyrir, að lukkan yrði laushent i þessu efni. Segjum, að Akureyrarbær sýndi i engu, að hann virti tiltrú annara landsmanna, þings og stjórnar. Segjum að svo óheppilega vildi til, að hið mikla hús skólans brynni, eins og fyrirrennari þess á Möðruvöllum. Ef Akureyrarbær hefði ekki sýnt móðurhug, heldur stjúpulund við skólann, gæti vel svo farið, að hann yrði endurbygður við einhverja heita laug i Skagafirði, Eyjafirði eða Þingeyjarsýslu.

Akureyrarbær getur á einn hátt sýnt sjerstaklega, að hann skilji, hvert stefnir i þessu efni, að hann meti þýðingu skólans fyrir bæinn, að hann vilji láta skólann gróa fastan til frambúðar, þar sem hann er, og að bærinn vilji fyrir sitt leyti fórna nokkru til skólans, eins og landið alt fórnar miklu. Skólinn þarf að eignast land til muna meira en hann á nú. Jeg fer fram á, að þú mælir til við bæjarstjórn Akureyrar, að hún gefi Akureyrarskólanum til

ævarandi eignar, og til afnota fyrir framtíðar-byggingar skólans, leikvelli og skemtigarða, erfðafestulönd Júníusar Jónssonar, Jóns Björnssonar og Olgeirs Júlíussonar, er liggja milli Hrafnagilsstrætis að norðan, Þórunnarstrætis að vestan, Eyrarlandstúns að sunnan og Gagnfræðaskólalands og Eyrarlandsvegar að austan. Ennfremur eignarlóð Olgeirs Júlíussonar, milli Gagnfræðaskólans og Hrafnagilsstrætis. Fáir skólinn þessi lönd, er framtíð hans tryggð og bundin við Akureyri. Þá hefði hann aðstöðu, sem minti á hina heimsfrægu ensku mentaskóla, Eton og Rugby, er um langan aldur hafa þótt einna frægastir og bestir allra samskonar skóla. Með þessum landauka myndu smátt og smátt rísa upp nýjar byggingar á jöðrum þessa lands. Íþróttahús, vinnustofur fyrir karla og konur, kennarabústaðir, nýjar heimavistir og kenslustofur. Auk þessa myndi aldrei krept að skólanum meir en orðið er af óviðkomandi byggingum og nægilega sjeð fyrir leikvöllum og görðum.

Reykjavík skildi ekki sitt hlutverk, meðan tími var til. Stjórnendur höfuðstaðarins ljetu kreppa svo að Mentaskólanum alt um kring, að þar verður engu bætt við á lóð skólans, ekki einu sinni litilli heimavist, enn síður leikvöllum, nýjum kenslustofum eða kennaraheimilum. Þessi mikla yfirsjón Reykjavíkur hefir átt mikinn þátt í, að stjórn og þing afrjeð að leysa mentaskólamálið með því að minka Mentaskólann hjer og stofna annan undir betri skilyrðum á Akureyri. Er þess nú vænst, að Akureyri skilji sinn vitjunartíma og tryggi framtíðargengi mentaskóla á Akureyri með áður nefndri landgjöf.

Væntandi þess, að mál þetta verði leyst til sameiginlegs gagns fyrir skólann, bæinn og landið, fel jeg þjer mál þetta til fyrirgreiðslu til bæjarstjórnar Akureyrar.

Með kærri kveðju.

sign. Jónas Jónsson.

## Fylgiskjal II.

JÓN SVEINSSON, bæjarstjóri á Akureyri,

Gjörir kunnugt: Bæjarstjórn Akureyrar hefir á fundi 9. október 1928, samþykkt að gefa Ríkinu, til handa Gagnfræðaskólanum á Akureyri, lóðir þær og lendur, sem hjer greinir, og sem liggja norður fyrir og vestur og suðvestur fyrir Gagnfræðaskólann, og takmarkast þær þannig:

Að norðan af Hrafnagilsstræti, að vestan af Þórunnarstræti, að austan af eignarlóðum skólans, Eyrarlandsveg og Páls Briemsgötu, vestan við byggingarreit nr. 13, og að sunnan af Blómsturvallastræti. Hið gefna land er því

um 3,5 — þrír og hálfur — hektari að stærð. Þessar lóðir og lendur eru þó gefnar með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) Að landið verði eingöngu notað í þarfir skólans, en ekki fengið i hendur einstökum mönnum, hvorki sem byggingarlóðir, ræktað land eða til annara afnota.
- 2) Að erfðafestuhafar fái að halda löndum sínum fyrst um sinn, og verði þau aðeins innleyst handa skólanum smátt og smátt, eftir því sem skólinn þarf á þeim að halda, enda samþykki bæjarstjórn áætlanir og tillögur skólans um notkun þeirra lóða, sem óskað er eftir að innleysa í hvert sinn. Meðan löndin eru i erfðafestu rennur erfðafestugjaldið i bæjarsjóð.
- 3) Bæjarstjórnin skuldbindur sig eigi til að kaupa upp húseign Jóns Björns-sonar skipstjóra, við Hrafnagilsstræti (áður Bæjarstræti nr. 1).
- 4) Að bæjarstjórn megi óhindrað og endurgjaldslaust leggja götur og leiðslur um landareignina, eins og skipulag bæjarins útheimtir á hverjum tíma.
- 5) Að landareignin öll hverfi aftur til bæjarins, ef skólinn verður lagður niður á þessum stað, i því ástandi sem hún þá verður.

Að öðru leyti eru lóðirnar og löndin gefin kvaðalaust og að því sem bæjarstjórnin hefir eignarrjett yfir þeim.

Akureyri, 14. febr. 1929.

Jón Sveinsson  
(L. S.)

### Fylgiskjal III.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ,  
Reykjavík, 14. mars 1929.

Með því að Mentaskólinn í Reykjavík er elsta mentastofnun bæjarins og hefir að sjálfsögðu ætíð haft og mun hafa alveg sjerstaka hagsmunabýðingu fyrir Reykjavíkurbæ, þykir landsstjórninni sanngjarnt að fara þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún fyrir sitt leyti sýni þessari mentastofnun nokkra þá sanngirni og velvild, sem mjög gæti bætt aðstöðu skólans til að inna af höndum sitt vandasama hlutverk.

I fyrsta lagi er þess óskað, að Reykjavíkurbær gefi Mentaskólanum lóð þá, sem um nokkur ár hefir verið notuð til steinolíugeymslu, bak við skólann, og lóð og hús K. F. U. M. á sama stað, og sem fjelagið mun i náinni framtíð vilja selja. Þessi landaukning er skólanum nauðsynleg til þess að nemendur hafi olnbogarúm til útivistar við skólann.

I öðru lagi er þess æskt að bæjarstjórn gefi skólanum hæfilega stóran blett fyrir íþróttavöll og trjagarð á sljettunni austan við þjóðveginn i Foss-

vogi. Ennfremur leyfi til að reisa hús fyrir kappróðrabáta, sem skólinn þarf að eignast, á hentugum stað við Fossvog.

Þess skal getið að bæjarstjórn Akureyrar hefir brugðist ágætlega við samskonar tilmælum frá landsstjórninni um nauðsynlegan landauka fyrir skólann þar. Samþykkti bæjarstjórnin þar, mótatkvæðalaust, að kaupa aftur vegna skólans 12 dagsláttur af erfðafestulandi og byggingarlóðum, sem lá að landi skólans, svo að þar gætu verið rúmgóðir leikvellir fyrir nemendur, og nægilegt landrymi fyrir allar hugsanlegar húsaviðbætur vegna skólans um langa framtíð. Sje tekið tillit til stærðarmunar Reykjavíkur og Akureyrar, mætti samskonar friðindi til Mentaskólans frá höfuðstaðnum nema 250—300 þús. kr. virði.

Að síðustu skal eftirtekt bæjarstjórnar og skipulagsnefndar vakin á því, að þar eð nálega eingöngu timburhús, sem verða rifin í ekki mjög fjarlægri framtíð, hafa verið reist á lóðunum bak við Mentaskólann upp að Þingholtsstræti, þá færi vel á, að þetta svæði yrði sem allræmest opið. Myndi það bæði verða skólanum og bænum til gagns og þryði.

Þess er sjerstaklega óskað að fá við fyrsta þóknanlegt tækifæri játandi eða neitandi svar við tveim fyrstu liðum þessa brjefs, með því að ýmsar umbætur viðvikjandi skólanum, sem nú eru í undirbúningi, byggjast á því, að Reykjavíkurbær vilji sýna í verki að honum þyki nokkurs umvert að hafa slíka stofnun, sem Mentaskólinn er, í höfuðstað landsins.

Jónas Jónsson.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

## Fylgiskjal IV.

### Samanburður á skólakostnaði.

#### A. Ríkisskólar.

Kostnaður á hvern bekk hefir numið:

	1926	1927	1928
1. Mentaskólinn í Reykjavík . . . . .	9238 kr.	8837 kr.	8377 kr.
2. Gagnfræðaskólinn á Akureyri . . . . .	8975 —	9042 —	7490 —
3. Kennaraskólinn . . . . .	8950 —	7785 —	8877 —
4. Stýrimannaskólinn . . . . .	11775 —	10921 —	10130 —
5. Vjelstjóraskólinn . . . . .	10575 —	9342 —	8820 —
6. Bændaskólinn á Hvanneyri . . . . .	9270 —	9183 —	8545 —
7. Bændaskólinn á Hólum . . . . .	11695 —	9400 —	13200 —
8. Alþýðuskólinn á Eiðum . . . . .	10860 —	12317 —	11060 —

Tölurnar fyrir árin 1926 og 1927 eru teknar eftir L.R. þeirra ára, en um árið 1928 er farið eftir áætlun fjárlaganna, með því að L.R. þess árs er enn eigi gerður.

Til kostnaðar er hvergi talið annað en beinn reksturskostnaður. Er því slept námsstyrkjum, meiri háttar aðgerðum og endurbótum á húsum og öðru þess háttar.

#### B. Skólar styrktir af ríkisfje.

Yfirlit um styrk til nokkurra helstu skólanna.

	1926				1927				1928			
	Styrkur alls	Nemendafjöldi	Styrkur á hvern nemanda	Styrkur á bekk	Styrkur alls	Nemendafjöldi	Styrkur á hvern nemanda	Styrkur á bekk	Styrkur alls	Nemendafjöldi	Styrkur á hvern nemanda	Styrkur á bekk
	kr.		kr.	kr.	kr.		kr.	kr.	kr.		kr.	kr.
1. Kvinnaskólinn í Reykjavík	29000	97	299	7250	29000	297	299	7250	30000	97	309	7500
2. Kvinnaskólinn á Blönduósi	17000	39	436	8500	17000	40	425	8500	16000	40	400	8000
3. Flensborgarskóli . . . . .	14000	63	222	4667	17000	66	258	5667	16000	77	216	5333
4. Laugaskóli . . . . .	10500	52	202	5250	13000	65	200	6500	12700	67	190	6350
5. Hvítárþakkaskóli . . . . .	9100	36	253	4550	10000	40	250	5000	9750	46	212	4825
6. Núpsskóli . . . . .	6000	14	428	—	7000	16	437	—	6700	22	305	—
7. Ísafjarðarskóli . . . . .	2500	41	61	1250	4000	51	78	2000	4000	52	78	2000

1) Auk þess styrkur, 5000 kr., til endurnýjunar húsbúnaði og rúmfatnaði.

2) Ennfremur kvölddeild með 21 nemanda (3 st. kensla á dag).

3) Auk þess styrkur, 6000 kr., til miðstöðvarhitunar og raflýsingar.